TIL VARNAR ÍSLANDI

*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Magnús Árni Skúlason ræða um mikilvægi þess að koma Íslandi til varnar á ögurstund.*

10




lægra verð
Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. nóvember 2008 — 314. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR



## ÁSTMAÐUR GEORGS

Ævar Þór Benediktsson slær í gegn í Dagvaktinni.

FÓLK 22




FYLGIR Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG




**VÆTA VESTAN TIL** Í dag verður fremur stíf suðvestan átt, 8-15 m/s. Slydda eða rigning vestan til fram eftir degi og við norðurströndina, skýjað með köflum eystra. Hiti víða á bilinu 0-7 stig.

VEÐUR 4




**KRÖFTUGUR MÓTMÆLAFUNDUR** Um átta þúsund manns komu saman á Austurvelli í gær og kröfðust afsagnar bankastjórnar Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins og kosninga í vor. Mótmælendur tóku myndarlega undir mál ræðumanna og fögnuðu ákaft þegar lýðræðisbreytinga var krafist. Fundurinn fór friðsamlega fram en skyri og eggjum var kastað í Alþingishúsið eftir fundinn. Sjá síðu 6

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Framsóknarflokkurinn flýtir flokksþingi og tekur af skarið í Evrópumálum:

# Framsókn vill aðildarviðræður

**STJÓRNMÁL** Miðstjórn Framsóknarflokksins ákvað í gær að tillaga um að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið yrði lögð fram á flokksþingi í janúar. Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, segir grundvallarbreytingu hafa orðið á stefnu flokksins í Evrópumálum.

„Ég get fullyrt að tillaga um að hefja aðildarviðræður við ESB hefði verið samþykkt á fundinum ef það hefði samrýmst lögum flokksins,“ segir Valgerður.

Miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins í gær er lýst sem miklum hitafundi. Fjölmargir ræðumenn lýstu yfir vantrausti á forystu flokksins og vildu að hún viki strax. Ályktanir fundarins eru afdráttarlausar og fulltrúar í miðstjórn telja aðeins formsatriði að flokkurinn lýsi því yfir að vilji sé fyrir því að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, og Valgerður vildu ekki tjá sig um hvort þau hygðust sækjast eftir forystuhlutverkum sínum í janúar. Formannsslagur virðist þó fram undan þar sem Siv Friðleifsdóttir alþingismaður og Páll Magnússon, fyrrverandi varaþingmaður, ætla að sækjast eftir formannsembætti, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Í stjórnmálaályktun fundarins kemur fram skýlaus krafa um að bankastjórn Seðlabanka Íslands og yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins verði vikið frá störfum nú þegar.

- shá / sjá síðu 4



**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Fjölmargir tónlistarmenn komur fram á tónleikunum án endurgjalds. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Samstöðutónleikar:

## Fjölmenni í Laugardalshöll

**FÓLK** Mikil stemning var á samstöðutónleikum í Laugardalshöll í gærkvöldi. Á fimmta þúsund gesta skemmti sér í höllinni. „Stemningin er fín, mjög fín,“ sagði Daníel Sigurðarson, starfsmaður Laugardalshallar, þegar nokkuð var liðið á tónleikana.

Fjölmargir listamenn komu fram, þar á meðal Bubbi Morthens, Stuðmenn, Baggalútur, Lay Low, Ham og Ragnheiður Gröndal.

- ghs

Dagur íslenskrar tungu:

## Traust staða íslenskunnar

**MENNTUN Dagur íslenskrar tungu er í dag. Víða eru hátíðarhöld í tilefni dagsins, meðal annars í Þjóðmenningarhúsinu. Þar stendur einnig yfir sýning í minningu Jónasar Hallgrímssonar, en 201 ár er í dag liðið frá fæðingu hans.**



JÓNAS HALLGRÍMSSON

**Íslensk málnefnd afhendir menntamálaráðherra tillögur sínar að íslenskri málstefnu á Málræktarþingi í Háskóla Íslands. Í tillögunum er meginhersla lögð á að treysta stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu, enda verði framtíð tungunnar best tryggð með því að nota hana á öllum sviðum íslensks samfélags.** - ovd / sjá síðu 12




...100 erlend jólalög er komin í Skífuna!



© Inter IKEA Systems B.V. 2008

**KALLT** skrautkerti epli Ø8, H7cm. Rautt **995,-/4 í pk.**

Jólin þín byrja í IKEA

IKEA
www.IKEA.is

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## SPURNING DAGSINS



*Þorvaldur, ertu alveg útkeyrður?*

„Já, ég er úti að aka af þreytu.“

Þorvaldur Ragnarsson, fyrrverandi bílstjóri forseta Íslands, fær ekki undanþágu frá aldursreglu til að aka leigubíl í forföllum. Honum þykir erfitt að eiga við samgönguyfirvöld í þeirri viðleitni að fá leyst úr sínum málum.

Norðurál hægir á framkvæmdum við álverið í Helguvík:

# Reynt að draga úr kostnaði

**HELGUVÍK** Forystumenn Norðuráls og móðurfélagsins Century Aluminum hafa hægt á framkvæmdum við álverið í Helguvík og vilja nýta tækifærið til að reyna að lækka kostnaðinn við verkefnið. Ágúst Hafberg, tengiliður hjá Norðuráli, segir að á næstu vikum skýrist hvað verði.

Ágúst segir að framkvæmdir í Helguvík verði ekki stöðvaðar. Hins vegar hafi ný verkefni ekki heldur verið sett í gang. Farið verði yfir verkefnið og framhaldið skoðað, til dæmis hvar hægt sé að spara. Inn í þetta spili ýmsar breytingar, til dæmis á hráefnisverði.



**TILVONANDI ÁLVER** Norðurál hefur ekki sett nein ný verkefni í gang í Helguvík og er að hægja á framkvæmdum.

„Við sjáum tækifæri til að ná kostnaði niður. Við erum að skoða fjármögnunina og hvernig við eigum að tryggja hana. Við söfnuðum hlutafé í fyrra og vorum komin með eiginfjármögnunina. Við vorum langt komin með lánsfjármögnunina fyrir fall íslensku bankanna. Þeir voru hluti af því. Þess vegna verðum við að endurvinna þetta að hluta til,“ segir hann.

Hætt hefur verið við margar álversframkvæmdir úti í heimi upp á síðkastið. Ágúst bendir á að stálverð hafi lækkað um sjötíu prósent frá því í júlí. Norðurál vilji nýta tækifærin og lækka kostnaðinn við álverið.

Ágúst neitar því að verið sé að setja Helguvíkurverkefnið sem slíkt í hættu en spurður um hvort verið sé að fresta því segist hann ekki geta sagt neitt um það. „Við erum bara að skoða þetta.“ - ghs

Mótmæli á Akureyri:

# Brennuvargar slökkva ekki

**AKUREYRI** Um 500 mótmælendur gengu frá leikhúsinu á Akureyri niður á Ráðhústorg í gær á mótmælafund. Stutt ávörp voru flutt. Eitt þeirra hélt Valgerður H. Bjarnadóttir félagsráðgjafi. „Þetta var töluvert fjölmennara en síðast,“ segir hún um þátttökuna.

„Það var hugur í fólki og kraftur í fundinum,“ segir Valgerður. „Tónninn er sá sami og fyrir sunnan. Flestir eru á því að svokallaðir leiðtogar þjóðarinnar séu ekki hæfir til að takast á við ástandið. Hlynur Hallsson orðaði það þannig að brennuvargarnir gætu ekki sinnt slökkvistörfunum.“ - ghs

Innflutningur gengur treglega:

# Milliríkjaviðskipti enn í ólagi

**VIÐSKIPTI „Þetta er ekki komið í lag og kemst ekki í lag fyrr en það fæst innspýting í hagkerfið,“ segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, um ástand innflutnings til landsins.**



ANDRÉS MAGNÚSSON

**Enn njóta lyf, matur og olía forgangs í milliríkjaviðskiptum og segir Andrés að farið sé að gæta skorts á öðrum vörum. „Það eru mýmörg dæmi um að það taki fyrirtæki sem höndla með aðra veltuháa vöruflokka þrjár til fjórar vikur að fá í gegn umsóknir um gjaldeyri.“** - bþs

# 300 milljarðar liggja í séreignarsparnaði

**Algengt er að fjölskyldur eigi tvær til þrjár milljónir króna í séreignarsparnaði. Félagsmálaráðherra lætur nú skoða að losa um þetta fé. Endanleg útfærsla liggur ekki fyrir en skiptar skoðanir eru um réttmæti aðgerðarinnar.**

**EFNAHAGSMÁL** Uppsafnaður séreignarsparnaður landsmanna er um 300 milljarðar króna. Vinnuhópur á vegum ríkisstjórnarinnar skoðar nú alvarlega að losa um þennan sparnað til að einstaklingar geti mætt aðsteðjandi vanda vegna fjármálakreppunnar. Algeng eign fjölskyldu er á milli tveggja og þrjár milljónir króna. Aðgerðin, ef af verður, er talin geta skilið á milli feigs og ófeigs hjá fjölda fólks.



HRAFN MAGNÚSSON



ÓLÖF NORDAL

Samkvæmt ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins árið 2007 var uppsafnaður séreignarsparnaður hjá lífeyrissjóðum og öðrum vörsluaðilum tæplega 200 milljarðar króna. Hafði sparnaðurinn vaxið um 35 prósent á milli ára eða um 50 milljarða. Að meðaltali hefur sparnaðurinn vaxið um 30 prósent á ári á árunum 1999-2006 og því er uppsafnaður sparnaður landsmanna nálægt 300 milljarðar.

Vinnuhópur á vegum félagsmálaráðherra var stofnaður fyrir þremur vikum vegna málsins og nú starfar hópur á vegum stjórnarflokkanna til að útfæra hugmyndir frekar og kanna hvort að þetta sé fær leið. Almennt telja þingmenn sem hafa komið að vinnunni að svo sé.



**KRINGLAN** Algengt er að fjölskylda eigi tvær til þrjár milljónir króna í séreignarsparnaði hjá lífeyrissjóðum, bönkum og sparisjóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ólöf Nordal, þingmaður Sjálfstæðisflokks, segir ljóst að fái einstaklingar í vanda aðgang að þessari séreign sinni geti það reynst sú líflína sem margir leita að þessa dagana. „Það er ákvæði í lögunum um séreignarsparnað að ef einstaklingur verður fyrir áfalli eins og örorku eða láti þá sé hægt að borga þetta út áður en viðkomandi er kominn á aldur. Við lítum svo á að þetta áfallaákvæði eigi við nú sökum þess að einstaklingar eru að verða fyrir gífurlegum fjárhagslegum skakkaföllum og gætu þá nýtt þetta fé vegna greiðsluvanda.“ Ekki er þó búið að útfæra þessar hugmyndir eða ákveða að leiðin verði farin, leggur Ólöf áherslu á. Hún segir að fjölmargir sérfræðingar hafi verið kallaðir til og skoðanir þeirra misjafnar.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, er ekki hrifinn af hugmyndinni. „Menn verða að leita allra annarra leiða áður en opnað er fyrir viðbótarlífeyrissparnað með þessum hætti.“ Hann telur að uppbygging lífeyriskerfisins í heild yrði í uppnámi ef þessi aðgerð nær fram að ganga. Hann hefur þó fullan skilning á að fólk í greiðsluvanda horfi til þessa sparnaðar til að leysa úr sínum málum.

Komi til greiðslu á séreignarsparnaði er tekinn fullur skattur af þeirri upphæð. svavar@frettabladid.is

Eldsneytisverð:

# Bensínlítrinn á 143 krónur

**ELDSNEYTI N1 bauð í gær 10 króna afslátt af eldsneyti um allt land. Algengt verð á bensíni var 143-144 krónur á lítrann.**

**Bensínlítrinn kostaði 143 krónur lítrinn hjá Orkunni í gær og lítrinn af dísilolíu 170,5 krónur. Hjá ÓB kostaði bensínlítrinn 143,20 krónur og dísilolían 170,9 krónur.**

**Hjá Atlantsolíu kostaði 95 oktana bensín 153,20 og dísilolían 165,8 upp í 170,9 krónur, samkvæmt upplýsingum á heimasíðu fyrirtækisins.**

**Hjá Olís var algengasta verð á bensínlítranum 144,5 krónur og 172,4 krónur á lítranum af dísilolíu, samkvæmt heimasíðu fyrirtækisins.** - ghs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Með fíkniefni á Sauðárkróki

Lögreglan á Sauðárkróki gerði lítilræði af fíkniefnum upptækt aðfaranótt laugardagsins. Efnin, ætlaðar e-töflur og hvítt duft, fundust á karlmanni á veitingastað á Sauðárkróki. Maðurinn játaði að eiga efnin en hann hefur áður komi við sögu lögreglu.

### Bílvelta á Hítardalsvegi

Ökumaður fólksbíls og farþegi hans sluppu án meiðsla þegar bíll þeirra valt út af veginum í Hítardal snemma í gærmorgun. Bíllinn reyndist óökufær en óhappið má rekja til mikillar hálku á veginum.

### Fíkniefnafundur á Akureyri

Tvö fíkniefnamál komu upp hjá lögreglunni á Akureyri í fyrrinótt. Í öðru málinu var eitt gramm af ætluðu hassi gert upptækt en í hinu um þrettán grömm af ætluðu amfetamíni gerð upptæk auk kókaíns. Efnin fundust við reglubundið eftirlit og við húsleit á Akureyri.

Leiðtogafundur gegn kreppu:

# Japanar heita IMF stórláni

**JAPAN, AP** Yfirvöld í Japan eru reiðubúin að lána Alþjóðagjaldeyrissjóðnum allt að 100 milljarða Bandaríkjadala til að styrkja stuðningsaðgerðir sjóðsins við lönd sem eru í vanda vegna alþjóðlegu fjármálakreppunnar.



TARO ASO

Frá þessu greindi japanski forsætisráðherrann Taro Aso í gær. Þetta fyrirheit var meðal fleiri tillagna sem tilgreindar eru í yfirlýsingu sem Japansstjórn lagði fram sem sitt upplegg fyrir tveggja daga leiðtogafund 20 helstu ríkja heims um aðgerðir gegn heimskreppu. Fundurinn fer fram í Washington nú um helgina. - aa






Nágranni hússins sem brann við Baldursgötu kvartaði oftsinnis til lögreglu:

# Grunur um að kveikt hafi verið í

**BRUNI** Grunur leikur á að kveikt hafi verið í yfirgefnu húsi við Baldursgötu í gær. Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins barst tilkynning klukkan hálffjögur í gær um að mikill eldur væri laus í húsinu. Var þá allt tiltækt slökkvilið sent á staðinn. Þar sem húsið hefur staðið autt um nokkurn tíma höfðu gluggar verið byrgðir auk þess sem gólf höfðu að mestu verið fjarlægð úr húsinu. Gerði það slökkviliðsmönnum erfitt um vik og var slökkvistarf því að mestu unnið með körfubíl. Þá átti slökkviliðið í nokkrum erfiðleikum með að slökkva eld í þaki hússins. Ekki var talin hætta á að eldurinn næði til nærliggjandi húsa. Slökkvistörfum lauk laust fyrir hálfsjö í gærkvöldi.

Lögreglan rannsakar tildrög eldsins en húsið var rafmagnslaust þegar eldurinn kom upp og þykir það renna stoðum undir að kveikt hafi verið í húsinu.

Húsið hefur áður komist í fréttir þar sem eigandi þess hefur óskað eftir deiliskipulagsbreytingu sem heimili niðurrif hússins og að annað stærra hús verði byggt í staðinn. Nágrannar hafa lagst gegn slíkum breytingum.

„Þetta er skólabókardæmi um framvindu mála við svona kringumstæður,“ segir Helga Lára Þorsteinsdóttir sem býr í nágrenni hússins. Hún segir húsið hafa staðið autt lengi og nágrannar hafi oft kvartað yfir því að bæði útigangsfólk og börn hafi gengið um húsið. Hún segir húsið hafa verið opið í margar vikur en lögregla og eigendur hafi virt kvartanir nágranna að vettugi. - ovd



**BRUNI Á BALDURSGÖTU** Þegar mest lét börðust þrjátíu slökkviliðsmenn við eld í yfirgefnu forsköluðu timburhúsi við Baldursgötu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU




Við eigum ágætt mál. Við eigum íslensku. Einkar meðfærilegt mál sem hentar við allar hugsanlegar aðstæður. Mál sem lagar sig vel að ólíkum þörfum, við leik og störf, í gleði og sorg, út við strönd og upp til fjalla.

Íslenska? Hvernig á hún að nýtast okkur? Hverju getum við bætt við hana? Hvað viljum við gera við hana? Okkar er valið. Tölum. Skrifum. Segjum sögur. Ritum skýrslur. Syngjum. Íslenska er okkar mál.

Við óskum landsmönnum til hamingju með daginn. Málræktarþing Íslenskar málstöðvar og Mjólkursamsölunnar verður haldið í dag undir yfirskriftinni Íslenska til alls. Þingið hefst kl. 14.00 í hátíðasal Háskóla Íslands.

ÍSLENSK MÁLNEFND

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL

## GENGIÐ 14.11.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 134,32 | 134,96 |
| Sterlingspund | 199,12 | 200,08 |
| Evra | 170,52 | 171,48 |
| Dönsk króna | 22,894 | 23,028 |
| Norsk króna | 19,317 | 19,431 |
| Sænsk króna | 17,007 | 17,107 |
| Japanskt jen | 1,3822 | 1,3902 |
| SDR | 198,14 | 199,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
228,7913

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Leynileg heimild frá Donald Rumsfeld til árása á meinta hryðjuverkamenn:

# Á annan tug árása gerðar

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríkjaher hefur síðan 2004 rúmlega tíu sinnum beitt leynilegri heimild til þess að gera árásir á meinta liðsmenn Al Kaída eða annarra uppreisnar- eða hryðjuverkasamtaka í Pakistan, Sýrlandi og öðrum löndum.

Heimildina undirritaði Donald Rumsfeld, þáverandi varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, vorið 2004, með samþykki George W. Bush forseta. Frá þessu skýrði bandaríska dagblaðið New York Times, og vitnar í háttsetta menn í bandaríska stjórnkerfinu, sem vilja þó ekki láta nafns síns getið.

Í blaðinu er fullyrt að sérsveitir Bandaríkjahers sjái um framkvæmd þessara árása. Enn þurfi samþykki varnarmálaráðherra, sem er Robert Gates, fyrir hverri árás, og stundum þurfi samþykki forsetans.



**SÝRLENDINGAR MÓTMÆLA** Sýrlendingar brugðust illa við árás sem gerð var nýverið á lítið þorp rétt við landamæri Íraks. NORDICPHOTOS/AFP

Ein þessara árása var gerð á Sýrland 26. október síðastliðinn. Bandaríkjastjórn hefur ekki formlega viðurkennt þá árás, en bandarískir embættismenn segja að henni hafi verið beint gegn Al Kaída. Sýrlensk stjórnvöld gagnrýndu árásina harðlega og segja hana hafa kostað átta saklausa borgara lífið.

Pakistönsk stjórnvöld hafa einnig harðlega gagnrýnt árásir Bandaríkjahers á skotmörk innan landamæra Pakistans, og segja þær efla stuðning landsmanna við uppreisnarhópa. - gb

Alþjóðleg efnahagskreppa:

# Ólíkar áherslur þjóðarleiðtoga

**BANDARÍKIN, AP** Leiðtogar nítján ríkja, forvígismenn Evrópusambandsins og fulltrúar alþjóðasamtaka hittust á fundi í Washingtonborg í gær til að ræða þá alþjóðlegu efnahagskreppu sem gengur yfir.

Litlar fréttir fara af sáttum á fundinum enda eru áherslur ólíkar. Á meðan leiðtogar Evrópuríkjanna vilja styrkja efnahag landa, fá nýtt regluverk fyrir fjármálakerfið og gera endurbætur á stofnunum í alþjóðakerfinu varar George W. Bush, fráfarandi forseti Bandaríkjanna, við of miklum afskiptum af hinum frjálsa markaði. - ovd

Fleiri erlendir ferðamenn:

# Sýna Íslandi aukinn áhuga

**FERÐAMÁL Erlendir ferðamenn sem flugu með Iceland Express fyrstu tvær vikurnar í nóvember voru fleiri en á sama tíma í fyrra.**

**Í tilkynningu frá flugfélaginu segir að þetta eigi við um Bretland jafnt sem aðra áfangastaði félagsins. Aukinn áhuga útlendinga á ferðalögum til Íslands þakka forsvarsmenn félagsins markaðsstarfi erlendis sem þeir segja ganga betur en nokkru sinni fyrr. Þá hafi aukin umfjöllun um Ísland, sem sé sem betur fer ekki öll neikvæð, mikil áhrif. Í umfjöllunum erlendra blaða sé meðal annars fjallað um þriggja daga verslunarferðir til Reykjavíkur þar sem boðið er upp á aðstoð íslenskra verslunarfararstjóra. Þá hafi vetrarferðir til Íslands vakið athygli vegna lágs verðs.** - ovd

Rússneska þingið:

# Lengir kjörtímabil forseta

**RÚSSLAND, AP** Neðri deild rússneska þingsins samþykkti í gær tillögu Dimítrís Medvedev forseta um að kjörtímabil forseta verði lengt úr fjórum árum í sex. Jafnframt var samþykkt að kjörtímabil þingsins yrði lengt úr fjórum árum í fimm.



**VLADIMÍR PÚTÍN**

Margir telja að með þessari breytingu sé verið að gera Vladimír Pútín forsætisráðherra kleift að sitja lengur í embætti, kjósi hann að bjóða sig fram til forseta á ný.

Nokkuð öruggt þykir að Pútín myndi sigra í kosningum, og hann gæti þá setið í tvö sex ára kjörtímabil í staðinn fyrir tvö fjögurra ára kjörtímabil. - gb

# Framsókn kúvendir í Evrópumálum

**Miðstjórn Framsóknarflokksins samþykkti í gær að leggja fram tillögu um aðildarviðræður við Evrópusambandið á flokksþingi í janúar. Forysta flokksins lá undir harðri gagnrýni á fundinum. Formannsslagur er fram undan.**

**STJÓRNMÁL** „Ég get fullyrt að tillaga um að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið hefði verið samþykktar hér á fundinum ef það hefði samrýmst lögum flokksins," segir Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins. Samþykkt var á miðstjórnarfundi í gær að tillaga um aðildarviðræður við ESB yrði lögð fram á næsta flokksþingi sem hefur verið flýtt. Formannsslagur er fram undan, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Grundvallarbreyting varð á stefnu Framsóknarflokksins í Evrópumálum á miðstjórnarfundi í gær. Miðstjórnin samþykkti ályktun þess efnis að tillaga um að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið yrði lögð fram á flokksþingi í janúar. Þetta er þvert á yfirlýsta skoðun Guðna Ágústssonar, formanns flokksins, sem boðaði þó í ræðu sinni á fundinum að vegna breyttra aðstæðna í samfélaginu væri eðlilegt að stíga þetta skref.

Miðstjórn sendi frá sér afdráttarlausa ályktun í gærkvöldi. Til viðbótar við Evrópumál kemur fram skýlaus vilji um að bankastjórn Seðlabanka Íslands og yfirstjórn Fjármálaeftirlits verði vikið frá störfum og endurskoða þurfi stjórnkerfi þessara stofnana og peningamálastefnuna.

Mikill hiti var í fundarmönnum og sótt að forystumönnum. Fjölmargir ræðumenn fóru fram á að forysta flokksins viki. „Við vorum gagnrýnd. Flokkurinn hefur fallið niður og lent í erfiðum málum. Bæði var hann tapari kosninganna og spillingarumræða hefur haldið áfram út af erfiðum málum," segir Guðni. „En ég ætla ekkert að meta mína stöðu núna. Ég er formaður flokksins og hef enga ákvörðun tekið aðra en ég verði í framboði á flokksþinginu eins og staðan er." Valgerður Sverrisdóttir varaformaður vill ekki tjá sig um hvort hún hyggst sækjast eftir formannsembættinu í janúar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hyggjast Siv Friðleifsdóttir alþingismaður og Páll Magnússon, fyrrverandi varaþingmaður, bjóða sig fram í formannsembættið. Þau vildu hins vegar ekki staðfesta það í gærkvöldi.

Valgerður segir fundinn hafa verið líflegan. „Fyrsta mál á dagskrá var að á næsta flokksþingi verði tekin afstaða til aðildarviðræðna við ESB. Ég get fullyrt að tillaga um að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið hefði verið samþykkt hér á fundinum ef það hefði samrýmst lögum flokksins. Það er orðin grundvallarbreyting á afstöðu framsóknarmanna í þessu stóra máli." svavar@frettabladid.is



**FRÁ MIÐSTJÓRNARFUNDI** Mesti hitafundur sem miðstjórnarfulltrúar Framsóknarflokksins muna eftir var haldinn í gær. Tímamótafundur, segir formaður flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## EVRÓPUÁLYKTUN MIÐSTJÓRNAR

Miðstjórnarfundur Framsóknarflokksins, haldinn 15. nóvember 2008, samþykkir að flokksþingi Framsóknarflokksins verði flýtt og það haldið í janúar 2009. Fyrir þingið verði lögð tillaga þess efnis að gengið verði til aðildarviðræðna við Evrópusambandið.

Afdráttarlaus afstaða stjórnmálaflokks til jafn mikilvægs álitaefnis verður að byggja á sem breiðustum grunni og það fæst einungis með umfjöllun, afgreiðslu og atkvæðagreiðslu í æðstu stofnun flokksins.



**ELDAR** Flest hús í Oakridge urðu eldinum að bráð en Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, lýsti í gær yfir neyðarástandi í sýslunni. NORDICPHOTOS/GETTY

Þúsundir yfirgefa heimili sín:

# Skógareldar í Kaliforníu

**KALIFORNÍA, AP Þúsundir manna neyddust til að yfirgefa heimili sín í Los Angeles í Kaliforníu í gær vegna skógarelda.**

**Eldarnir komu upp á föstudag og breiddust hratt út vegna öflugra vinda á svæðinu. Vindarnir gera slökkviliði einnig erfitt fyrir þar sem það hefur mikið þurft að reiða sig á flugvélar og þyrlur við slökkvistarfið. Vindarnir gera allt flug illmögulegt. Þá ógna eldarnir raforkuveri og er hætta talin á að rafmagn fari af á svæðinu. Tugir húsa hafa þegar orðið eldinum að bráð og þúsundir húsa eru talin í hættu. Rannsókn á eldsupptökum stendur yfir.** - ovd

## ALÞINGI

### Þrjú á NATO-fundi

Þingmennirnir Ragnheiður E. Árnadóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Magnús Stefánsson sitja ársfund NATO-þingsins sem nú stendur í Valencia á Spáni. Helstu mál fundarins eru framtíðarstefna NATO, aðgerðir þess í Afganistan, samskiptin við Rússland og átökin í Georgíu, eldflaugavarnir, orkuöryggi og leiðir til að hefta útbreiðslu kjarnorkuvopna.

Reykjavík 871±2 Landnámssýningin The Settlement Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin alla daga frá 10–17

Minjasafn Reykjavíkur

## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**DÁLÍTIL VÆTA**
Í dag verður dálítil væta V-til fram eftir degi og einnig með norðurströndinni síðdegis. Á morgun snýst hann í vestlæga átt og búast má við smá snjókomu norðanlands en annars verður yfirleitt úrkomulaust. Á þriðjudag verður víða væta, einkum Vestanlands.



**Á MORGUN**
5-10 m/s, styttir upp síðdegis.

**ÞRIÐJUDAGUR**
3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Billund | 10° |
| Ósló | 5° |
| Stokkhólmur | 7° |
| Gautaborg | 10° |
| London | 13° |
| París | 14° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Berlín | 11° |
| Alicante | 18° |
| Mallorca | 17° |
| Basel | 10° |
| Eindhoven | 12° |
| Las Palmas | 23° |
| New York | 10° |
| Orlando | 18° |
| San Francisco | 23° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

www.bnb.is www.toyota.is

# BETRA VERÐ Á
# BETRI NOTUÐUM BÍLUM




## TILBOÐ Á BÍLUM

Nú gefst einstakt tækifæri til að festa kaup á BETRI NOTUÐUM BÍL. Þú finnur alveg örugglega eitthvað við þitt hæfi á sérstöku tilboðsverði hjá Toyota BETRI NOTUÐUM BÍLUM!

NÝTT ÚTIBÚ BNB

## KLETTHÁLSI 2

Nú hafa Toyota BETRI NOTAÐIR BÍLAR opnað nýtt og glæsilegt útibú að Klettshálsi 2. Í tilefni af því eru tilboðsdagar á betur yfirförnum bílum í betra ástandi og á betra verði alla helgina hjá öllum söluaðilum Toyota.

GÆÐABÍLL



**Toyota RAV 4 2WD**
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 04.04 Ekinn: 64.000 km
Verð: 1.600.000 kr. Skr.nr. OM-460
Betra verð 1.290.000 kr.

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Yaris**
1300 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 47.000 km
Verð: 1.750.000 kr. Skr.nr. LS-464

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Yaris**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 51.000 km
Verð: 1.530.000 kr. Skr.nr. TJ-971
Betra verð 1.350.000 kr.

ÚRVALSBÍLL



**Toyota RAV 4**
2000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 08.05 Ekinn: 30.000 km
Verð: 2.590.000 kr. Skr.nr. OT-310
Betra verð 2.290.000 kr.

GÆÐABÍLL



**Toyota Previa W/G**
2400 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.04 Ekinn: 80.000 km
Verð: 2.190.000 kr. Skr.nr. MK-985

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Land Cruiser 120 VX**
4000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 04.05 Ekinn: 63.000 km
Verð: 4.190.000 kr. Skr.nr. RF-553

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Prius**
1500 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 07.05 Ekinn: 55.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Skr.nr. OU-719
Betra verð 2.190.000 kr.

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Corolla S/D**
1600 Bensín 5 gíra MM
Á götuna: 06.07 Ekinn: 47.000 km
Verð: 2.520.000 kr. Skr.nr. YN-835
Betra verð 2.250.000 kr.

BNB Kletthálsi, Toyota Kópavogi
og Toyota á Akureyri
Sunnudagur 12 - 16




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 44171 11.2008

**Hvað er Úrvalsbíll?**
Er í verksmiðjuábyrgð.
12 mánaða viðbótarábyrgð.

**Hvað er Gæðabíll?**
Er ekki í verksmiðjuábyrgð.
3 mánaða viðbótarábyrgð.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

| Toyota Kópavogi | NÝTT ÚTIBÚ Betri Notaðir Bílar | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Kletthálsi 2 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 570-5220 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

**KJÖRKASSINN**




*Hefur þú tekið þátt í fjöldamótmælum?*

| | |
|---|---|
| Já | 26,3% |
| Nei | 73,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú að flýta eigi kosningum til Alþingis?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Hellisheiðarvirkjun orðin þriðja aflmesta raforkuvirkjunin á Íslandi:

# Nýr áfangi í uppbyggingunni

**VIRKJANIR** Tvær nýjar vélasamstæður voru teknar í notkun í Hellisheiðarvirkjun í gær. Með nýju vélunum er afl virkjunarinnar 213 megavött, sem gerir Hellisheiðarvirkjun þriðju aflmestu raforkuvirkjun landsins.

Ræstar voru tvær 45 megavatta gufuaflstúrbínur en þær eru hluti af þriðja áfanga uppbyggingar virkjunarinnar. Árið 2006 voru tvær sambærilegar 45 megavatta háþrýstivélar teknar í notkun og árið 2007 var 33 megavatta lágþrýstivél tekin í notkun.

Í tilkynningu frá Orkuveitunni segir að undir lok næsta árs hefjist framleiðsla á heitu vatni í Hellisheiðarvirkjuninni og að árið 2010 sé ráðgert að síðasta áfanganum í raforkuframleiðslu verði náð. Þá verði uppsett afl virkjunarinnar í raforku 303 megavött. Gert er ráð fyrir að á næstu árum verði afl heitavatnsframleiðslu aukið í áföngum upp í 400 megavött og því verði Hellisheiðarvirkjun sú aflmesta á Íslandi.



**FRÁ HELLISHEIÐARVIRKJUN** Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar, Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, voru meðal viðstaddra.

Guðlaugur G. Sverrisson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, var einn þeirra sem fluttu ávarp af þessu tilefni. Minntist hann þess að það hefði verið í kreppunni á fjórða áratug síðustu aldar sem markviss uppbygging hitaveitu hefði hafist í Reykjavík. Sagði hann framsýni ráðamanna þá spara borgarbúum 150 milljónir Bandaríkjadala á ári í kyndikostnað. - ovd

Sendiráð Lúxemborgar:

# Vilja aðgang að innstæðum

**BRUSSEL** Um 500 sparifjáreigendur söfnuðust saman í miðborg Brussel í gær og kröfðust þess að fá aðgang að innstæðum sínum í Kaupþingi þar í landi.

Hópurinn gekk úr miðborginni að sendiráði Lúxemborgar, því næst að sendiráði Íslands og svo að aðalstöðvum Evrópusambandsins í sömu götu.

Stjórnvöld í Lúxemborg höfðu gefið til kynna að í dag myndi koma í ljós hvort nýr fjárfestir tæki yfir Kaupþing en það er þó ekki komið á hreint enn og engin svör hafa því fengist. - ghs


**FÉLAGSFUNDUR VM**

**Grand Hótel • miðvikudaginn 19. nóvember kl. 20**

- **Umræður um efnahagsmálin og ástandið í þjóðfélaginu**
- **Leiðir til úrlausna**
- **Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, fer yfir stöðu mála og horfurnar framundan**
- **Önnur mál**

*Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna á fundinn til að fá upplýsingar um stöðu mála og til að láta í sér heyra.*

**SÝNUM SAMSTÖÐU ÁFRAM ÍSLAND!**

Félag vélstjóra og málmtæknimanna





**DAVÍÐ BURT!** Fundarmenn á Austurvelli í gær hrópuðu „Davíð burt“ og kröfðust kosninga í vor. Eftir fundinn var kastað eggjum og skyri í Alþingishúsið og kveikt í klósettpappír við dyrnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kröfðust lýðræðis

**Þúsundir söfnuðust saman á friðsamlegum mótmælafundi á Austurvelli í gær og kröfðust kosninga og lýðræðislegra stjórnarhátta. Andri Snær sagði að þeir sem gagnrýndu íslenska þjóð hefðu ekki verið öfundsjúkir heldur sannir vinir.**

**MÓTMÆLI** Þúsundir manna söfnuðust saman á mótmælafundinum á Austurvelli í gær. Fundurinn fór friðsamlega fram en eftir á safnaðist fólk við Alþingishúsið og kastaði matvælum og klósettpappírsrúllum í húsið. Kveikt var í klósettpappír við dyrnar og logaði rauður eldur. Lögregla lét mótmælendur afskiptalausa en slökkti eldinn.

Ræðumenn á fundinum voru Viðar Þorsteinsson heimspekingur og rithöfundarnir Kristín Helga Gunnarsdóttir og Andri Snær Magnason. Á fundinum kom fram krafa um kosningar í vor og að skipt yrði um ráðamenn. Fundargestir tóku undir kröfur fundarins með fagnaðarlátum.

„Hið pólitíska gjaldþrot sem nú hefur átt sér stað á Íslandi er hvorki náttúruhamfarir né slys. Það er tilkomið af manna völdum og afleiðing af manngerðu hnattrænu fjármálakerfi sem íslenskir stjórnmálamenn kusu að gera íslenskan efnahag háðan,“ sagði Viðar. „Það var sú hugmyndafræði, það kerfi og þeir menn sem bera ábyrgð á því hvernig nú er komið fyrir okkur. Hvergi í heiminum annars staðar en á Íslandi var loftbóla fjármálakerfisins látin vaxa þjóðfélaginu svo mjög yfir höfuð. Hvergi í heiminum var almenningur gerður að veði fyrir fámennan hóp auðmanna.“

Viðar hvatti til hreingerningar í þjóðfélaginu og krafðist lýðræðis án skilyrða.

Kristín Helga sagði ríkisstjórnina hafa setið við stýri á bremsulausri rútu á hraðbraut græðginnar með bensínið í botni á eftir sportbílum auðkýfinganna. Sú ferð hefði endað með stórslysi. „Við skulum gera neyðaráætlun fyrir næstu vikur og mánuði,“ sagði hún og hvatti til að hugsunarhættinum yrði umbylt og tekin upp rafræn þjóðaratkvæðagreiðsla.

Andri Snær benti á að gagnrýnendur þróunarinnar á Íslandi hefðu verið hinir sönnu vinir þjóðarinnar. „Við sjáum nú að allir sem gagnrýndu okkur voru ekki öfundsjúkir. Þeir voru vinir okkar,“ sagði hann.

ghs@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**SKANDALL**
„Ég er mjög hlynntur mótmælunum og finnst synd að það sé ekki boðað til mótmæla á Lækjartorgi og Lækjargötu og eggjum grýtt í rétt hús, Stjórnarráðið,“ segir Arngrímur Vídalín bókavörður. „Það er skandall að ríkisstjórnin geri ekki neitt og haldi frá okkur upplýsingum. Við verðum að koma þessu liði frá.“



**MÓTMÆLI AÐGERÐALEYSI**
„Ég er hér til að sýna samstöðu og mótmæla aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar,“ segir Valgerður Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur og telur að ríkisstjórnin stefni að því að gera fjölskyldurnar gjaldþrota. „Þetta eiga að vera friðsamleg mótmæli. Ég er algjörlega á móti því að grýta Alþingishúsið.“



**FÁ ALVÖRU FÓLK**
„Ríkisstjórnin er ekki að standa sig í stykkinu. Hún gerir ekkert til að stemma stigu við þróuninni,“ segir Ólöf Magnúsdóttir, nemandi í Borgarholtsskóla, og gagnrýnir að ekki sé skipað í stöður eftir menntun og reynslu. „Það ætti að koma menntuðu fólki í æðstu stöður, skipa þjóðstjórn og fá alvöru fólk til starfa.“



**ÞRÓUNIN BÖLVANLEG**
Guðlaugur Hermannsson mætti á mótmælin í gær og fannst blóðugt að horfa upp á að Alþingishúsið væri grýtt. „Ég er sammála öllu sem kom fram á mótmælafundinum en mér finnst ekki skandall að ganga svona um húsið,“ segir hann. „Mér finnst þróunin hér á Íslandi alveg bölvanleg. Þetta er algjört klúður.“


Hvað gerðist?

fundur með Ólafi Ísleifssyni um ástandið á Íslandi í dag

**Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur,** er gestur á vikulegum opnum félagsfundi Samfylkingarinnar í Kópavogi, **mánudaginn 17. nóvember n.k.** Ólafur fer yfir stöðu þjóðmálanna og útskýrir á mannamáli hvað hefur gerst og hverjar hann telji framtíðarhorfur þjóðarbúsins.

**Fundurinn er í Hamraborg 11, 3. hæð og hefst kl. 20:30.**

**Allir velkomnir.**

Samfylkingin í Kópavogi

**Helgarsteik**

Kjúklingabringur m/hrísgrjónum, grilluðu grænmeti og sósu



695,-
alla helgina
kl. 11:30 - 19:30

IKEA FOOD

© Inter IKEA Systems B.V. 2008
















# Helgarævintýri á Akureyri

**Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt er að finna steinsnar frá.**

**Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:**

- Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar, viðburðir.
- Vetrarparadís, 2 sundlaugar, 3 líkamsræktastöðvar, 5 heilsulindir, skautahöll, lystigarður, keilusalur, gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir, siglingar, reiðtúrar, óvissuferðir, Hrísey og að sjálfsögðu Kjarnaskógur.
- 5 hótel, 12 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir og aðrir gisti möguleikar allt um kring.
- 16 veitingastaðir, Matur úr héraði, 12 skyndibitastaðir og sjoppur, 8 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði - munið bílastæðaklukkurnar.
- Gott úrval verslana í miðbænum, Glerártorgi og víðar.

Nánari upplýsingar á **visitakureyri.is** og **nordurland.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Reynir á minni kjósenda:

## Ástæða til að næra reiðina

JÓN KALDAL SKRIFAR

Eins og margir hafa bent á felast fjölmörg tækifæri í því upplausnarástandi sem nú ríkir. Eitt það stærsta, fyrir hvern og einn, er að líta í eigin barm og hugleiða möguleika sína til að hafa áhrif á hvernig samfélag rís upp úr þeim ruslahaug sem stefna síðustu sautján ára hefur skilið eftir sig.

Í því samhengi er nauðsynlegt að hafa bak við eyrað að þjóðin á ekki skilið aðra stjórnendur en þá sem hún kýs til að stjórna sér. Og ekki síður að ef þeir bregðast eru kosningar eina tækifærið til að láta þá sæta ábyrgð.

Því miður hafa íslenskir kjósendur hingað til reynst illa haldnir af minnisleysi þegar kjördagur rennur upp. Ítrekað hafa þeir veitt bæði heilum stjórnmálaflokkum og einstaklingum syndaaflausn með atkvæði sínu. Í raun er ekkert skrítið að íslenskir stjórnmálamenn telji sig geta setið sem fastast, sama hversu ævintýraleg afglöp þeir hafa framið. Þeir eru bara svona illa upp aldir af þjóðinni.

Að næra reiðina innra með sér er ekki uppbyggilegt athæfi. Ef við ætlum að ná fram einhverjum breytingum til batnaðar er hins vegar algjörlega nauðsynlegt að þjóðin festi í hug sér þær tilfinningar sem bulla nú innra með henni.

Kjósendur munu örugglega ekki þurfa að bíða til vorsins 2011 með að láta skoðun sína í ljós. Miklar líkur eru á því að kosið verði innan sex mánaða, tæplega seinna en næsta vor.

Stjórnmálaflokkarnir eru þegar farnir að setja sig í kosningastellingar. Á föstudag ákvað Sjálfstæðisflokkur að boða til landsfundar í janúar og í gær ákvað Framsóknarflokkurinn að halda flokksþing í sama mánuði. Báðir eiga þessir flokkar það sameiginlegt að innan þeirra raða ríkir glundroði um það sem lítur út fyrir að verða eitt helsta stefnumál næstu kosninga: Hvort sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu eða ekki.

Flokkarnir eiga það líka sameiginlegt að formenn þeirra eru yfirlýstir andstæðingar Evrópusambandsins. Það sem er á hinn bóginn ólíkt með flokkunum er að innan Framsóknar er mun minna hik við að taka slaginn en hjá Sjálfstæðisflokknum. Þetta sést best á þeirri yfirlýsingu miðstjórnarfundar framsóknarmanna að á komandi flokksþingi verður kosið um hvort ganga eigi til aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Hefur sú yfirlýsing yfir sér mun fumlausara og ákveðnara yfirbragð en máttleysisleg tilkynning sjálfstæðismanna um skipun nefndar til að fjalla um Evrópumálin fyrir landsfundinn.

Annað sem er ólíkt með þessum flokkum er að átök framsóknarmanna um Evrópumálin snerta í raun fáa aðra en þá sjálfa. Nema þegar þau lenda inni í stofum landsmanna sem farsi eða harmleikur, eftir smekk hvers og eins, í leikstjórn Bjarna Harðarsonar fyrrverandi þingmanns.

Átökin í Sjálfstæðisflokknum koma hins vegar öllum við sama hvaða tilfinningar fólk ber til flokksins. Þar er sjálfum Seðlabankanum beitt í hatrömmum innanflokksátökum, landi og þjóð til stórkostlegs skaða.

Á því ástandi bera ábyrgð núverandi og fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins. Eru þeir þar samir við sig og munu aldrei breytast. Í þeirra hug er flokkur alltaf framar þjóð.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871


• Er raflögnin orðin gömul eða úr sér gengin?
• Hefur þú áhyggjur af öryggi fjölskyldunnar?
ÓKEYPIS SKOÐUN!
Við hjá **Rafsól** skoðum eldri raflagnir og gerum kostnaðaráætlanir á þeim úrbótum sem þurfa þykir, **húseigendum að kostnaðarlausu**.
**Fyrirbyggjum slys - aukum öryggi!**
**Upplýsingar í síma:**
**553 5600**
**rafsol@rafsol.is**
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík • Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is
Rafsól er löggiltur rafverktaki og starfar í Reykjavík og nágrenni
EINN, TVEIR OG ÞRÍR 266.032

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ísland í ESB

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins fundaði á föstudaginn og ákvað, í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu, að skoða hugsanlega inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Málið var sett í nefnd sem skila á niðurstöðum fyrir næsta landsfund flokksins. Um leið minntu Geir H. Haarde, formaður flokksins, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir varaformaður á að ekki væri ýkja langt síðan fyrri Evrópunefnd flokksins, undir forystu Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra, skilaði af sér niðurstöðum. Björn hefur, sem kunnugt er, ekki verið meðal hörðustu Evrópusinna. Formaður nýju Evrópunefndarinnar er hins vegar Kristján Þór Júlíusson alþingismaður og er Árni Þór Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, varaformaður hennar. Báðir þykja þeir frekar hallir undir Evrópusambandsaðild svo það eitt kann að segja meira en margt annað til um hverjar niðurstöður nýju nefndarinnar kunni að verða.



### Tiltekt

Viðar Þorsteinsson heimspekingur hvatti í ræðu sinni á Austurvelli í gær til stofnunar nýs lýðveldis á Íslandi. Sagði hann að nú væri tækifæri til að taka til á Íslandi, til að byrja upp á nýtt. Hörður Torfason, sem stjórnaði mótmælunum á Austurvelli, greip orð Viðars á lofti og bað fólk vinsamlegast um að taka til eftir sig og skilja ekkert rusl eftir á Austurvelli.



### Játningar óreiðumanns

Gunnar Smári Egilsson blaðamaður hefur að undanförnu skrifað áhugaverðar greinar í Morgunblaðið þar sem hann fer yfir ýmis mál tengd útrás og efnahagsþrengingum. Greinar Gunnars Smára veita almennum lesendum innsýn í heim útrásarvíkinga og eru í senn upplýsandi og áhugaverðar. Ein setning í grein hans í gær vakti þó sérstaka eftirtekt. Þar segir Gunnar Smári: „Ég lét færa mig úr bisness sem ég skildi yfir í bisness sem ég skildi ekki.“ Minnir þetta á mennina tvo sem lentu í framhjáhaldi og lentu í því að svíkja undan skatti.

olav@frettabladid.is

# Endurreisn íslenska bankakerfisins



FINNUR ODDSSON

**Í DAG** | Tækifæri til framtíðar

Fram undan er tímabil efnahagslegrar endurreisnar í kjölfar hruns íslenska fjármálakerfisins. Verulega hefur hægst á hjólum atvinnulífs vegna gjaldeyriskreppu, veikingar krónunnar, hnökra í erlendri greiðslumiðlun, skerts aðgengis að fjármagni og almennrar óvissu sem ríkir um rekstrargrundvöll fyrirtækja. Til að draga megi sem mest úr þeim erfiðleikum sem blasa við íslenskum fyrirtækjum og heimilum er nauðsynlegt að þegar verði gripið til aðgerða til að koma í veg fyrir að hjól atvinnulífsins stöðvist.

Lykill að lausn á vanda atvinnulífsins er farsæl endurreisn bankakerfisins, en þar er brýnt að frágangur á búum gömlu bankanna verði í sátt við erlenda kröfuhafa. Ef horft er til annarra ríkja sem hafa lent í fjármálakreppu kemur glögglega í ljós að sanngjörn framkoma við kröfuhafa hefur reynst mikilvægur þáttur í endurreisn þessara hagkerfa. Þetta þarf ekki að koma á óvart enda er trúverðug úrlausn gagnvart lánadrottnum ein af grunnforsendum þess að hægt sé að nálgast endurfjármögnun, hvort sem horft er til fyrirtækja eða hagkerfa. Það er sjálfsagt fyrir okkur að draga af þessu lærdóm.

### Misráðin ríkisvæðing

Staða Íslands er reyndar nokkuð sérstök. Í okkar tilfelli snýr vandinn fyrst og fremst að úrlausn skuldbindinga þriggja banka sem allir voru einkafyrirtæki fyrir um sjö vikum síðan. Umsvif þessara banka voru slík hér innanlands að hefðbundið gjaldþrot þeirra hefði hreinlega skilið íslenskt hagkerfi í rústum sem ekki væri byggjandi á aftur. Til að bregðast við þessum aðstæðum voru sett neyðarlög á Alþingi þar sem Fjármálaeftirlitinu var gert kleift að taka yfir rekstur bankanna.

Þessa aðgerð hafa erlendir kröfuhafar túlkað sem þjóðnýtingu bankakerfisins. Fyrsta skrefið í atburðarásinni var ríkisvæðing á stærstum hluta Glitnis, sem síðar reyndist misráðin ákvörðun. Björgunaraðgerðir stjórnvalda voru tæknilega ekki þjóðnýting bankakerfisins í heild þar sem nýir bankar voru stofnaðir utan um rekstur innlendrar starfsemi. Engu að síður felst í aðgerðinni að hluti starfsemi bankanna var þjóðnýttur og því kannski ekki að undra að erlendir kröfuhafar túlki það svo. Mikilvægt er að halda kröfuhöfum upplýstum í gegnum allt ferlið og í þeim efnum hefur stjórnvöldum ekki tekist nægjanlega vel til. Í raun má segja að þar liggi meginástæða þess öngstrætis sem samningaviðræður um alþjóðlega fyrirgreiðslu eru nú komnar í.

*Því ætti nú þegar að huga að því með hvaða hætti megi einkavæða ríkisbankana og að það verði gert sem fyrst. Eins og áður hefur komið fram er mjög æskilegt að erlendir aðilar, núverandi kröfuhafar í bú bankanna, komi þar að. Slíkt felur í sér betri úrlausn fyrir alla Íslendinga.*

### Nauðsynleg málamiðlun

Aðgengi íslenskra fyrirtækja, og hins opinbera, að erlendu lánsfé mun dragast verulega saman til frambúðar telji lánadrottnar hættu á þjóðnýtingu eigna raunverulega. Það tæki áratugi að losna við slíkt áhættuálag enda mun auðveldara að eyðileggja orðspor en að byggja það upp. Til að leysa megi þá ímyndarkreppu sem Ísland er nú í ættu stjórnvöld að leita samstarfs við erlenda kröfuhafa, hvort sem um ræðir skuldabréfaeigendur eða fulltrúa erlendra innstæðueigenda. Þar ber fyrst að nefna möguleika þess að semja við núverandi kröfuhafa gamla bankakerfisins (skuldabréfaeigendur) um að endurútgefa bréfin með verulegum afslætti á nýja bankakerfið. Afföll af skuldabréfum bankanna voru þegar orðin um 80% þegar fjármálakerfið hrundi og enn meiri í nýlegum útboðum.

Miðað við það gera kröfuhafar ekki ráð fyrir að endurheimta nema hluta af nafnvirði útistandandi bréfa. Málamiðlan af einhverjum toga er nauðsynleg til að tryggja möguleika á að hið nýja bankakerfi geti yfir höfuð átt samleið með erlendum kröfuhöfum til frambúðar. Að sama skapi er nauðsynlegt að samtvinna hagsmuni kröfuhafa og nýs bankakerfis til að hámarka megi virði þeirra eigna sem til staðar eru.

### Dreifðari eignaraðild

Aðkoma kröfuhafa að rekstri nýju bankanna sem eigendur gæti einnig skapað sátt og stillt saman hagsmunum kröfuhafa og íslensks atvinnulífs enn frekar. Þannig mætti kanna möguleika þess að umbreyta skuldum einfaldlega í eignarhluti. Við upphaf einkavæðingarferlis var árangurslaust leitað eftir erlendum kjölfestufjárfestum í eigendahóp íslensku bankanna.

Annað markmið einkavæðingarinnar var að ná dreifðri eignaraðild meðal almennings. Hvorugt þessara markmiða náðist á sínum tíma, sem telst til mistaka í einkavæðingarferlinu. Með því að erlendir kröfuhafar gerist nú sameiginlegur eigandi bankanna ásamt hinu opinbera ætti að reynast auðveldara að selja hlut ríkisins til almennings fyrr og með einfaldari hætti. Lokaniðurstaðan yrði þá bankakerfi með erlendum kjölfestueigendum og dreifðri innlendri eignaraðild.

Með þetta í huga bendir flest til þess að úrlausn í sátt og samstarfi við erlenda kröfuhafa sé mun líklegri til að skila árangri en launung og upplýsingaþurrð. Farsælar málalyktir eru til þess fallnar að verja þær eignir sem eftir standa í bankakerfinu, koma í veg fyrir að almenningur standi eftir með skuldaklafa til framtíðar og draga úr þeim álitshnekki sem Íslendingar hafa orðið fyrir á alþjóðlegum lánamörkuðum.

### Einkaframtak drifkraftur framfara

Hvernig svo sem endurreisn íslensks efnahagslífs verður háttað þá hlýtur það að vera markmið stjórnvalda að draga sem mest úr þeirri ríkisvæðingu sem nú blasir við. Það er hagur allra sem landið byggja að kraftar einkaframtaks fái notið sín í markaðsumhverfi sem laust er við afskipti stjórnmálamanna. Einkaframtakið er og verður drifkraftur framfara og þar með hagsældar.

Því ætti nú þegar að huga að því með hvaða hætti megi einkavæða ríkisbankana og að það verði gert sem fyrst. Eins og áður hefur komið fram er mjög æskilegt að erlendir aðilar, núverandi kröfuhafar í bú bankanna, komi þar að. Slíkt felur í sér betri úrlausn fyrir alla Íslendinga. Þetta á ekki síst við um ungu kynslóðirnar, en þau lífsskilyrði sem þeim bjóðast á næstu misserum munu ráða öllu um hvort þær velji að byggja landið áfram. Góð tækifæri verða að vera til staðar, því val þessara kynslóða kemur til með að móta framtíð Íslands.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Gerðu góð kaup!

netto



ÍSFUGL

KJÚKLINGABRINGUR SKINNLAUSAR

**1.696 kr/kg**

~~2.975~~ kr/kg

43% afsláttur



31% afsláttur

NAUTALUNDIR

**2.960 kr/kg**

~~4.290~~ kr/kg



FOLALDAKJÖT M/BEINI REYKT EÐA SALTAÐ

**399 kr/kg**

~~732~~ kr/kg

GOÐI

46% afsláttur



50% afsláttur

GOÐI

KJÖTBÚÐINGUR

**425 kr/kg**

~~849~~ kr/kg



46% afsláttur

GOÐI

BLANDAÐ HAKK

**599 kr/kg**

~~1.099~~ kr/kg



42% afsláttur

GOÐI

FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

**985 kr/kg**

~~1.698~~ kr/kg



GALÍA MELÓNUR

**149 kr/kg**

~~297~~ kr/kg

50% afsláttur

BULLET ORKUDRYKKUR 250ml

**139 kr/stk.**





NÝTT!





50% afsláttur

NETTÓ GRÓFT SAMLOKUBRAUÐ

**119 kr/stk.**

~~239~~ kr/stk.

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 13. - 16. NÓVEMBER

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

# Þurfum að halda í bjartsýnina

**Tæplega 80.000 manns hafa skráð nafn sitt á síðunni Indefence.is og hvatt bresk stjórnvöld til að draga til baka beitingu hryðjuverkalaga gegn Landsbankanum. Í samtali við *Svanborgu Sigmarsdóttur* segja Magnús Árni Skúlason og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson að baráttan snúi að hagsmunum landsins. Mikilvægt sé að halda í bjartsýnina, því mikið búi í íslenskri þjóð.**

Magnús Árni Skúlason og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hafa verið virkir í átakinu In defence. Andlit átaksins er vefsíðan indefence.is, þar sem tæplega áttatíu þúsund hafa nú skrifað undir áskorun þess efnis að Bretar hætti að beita hryðjuverkalögum gegn Landsbankanum en það hafi gert stöðu Íslendinga í efnahagsmálum enn verri en áður.

„Við hefðum aldrei getað gert þetta tveir," segir Magnús. Ólafur Elíasson tónlistarmaður hafi leitað til þeirra og eigi að miklu leyti heiðurinn af því að safna stórum hópi manna saman. Þeir segja að um tíu manns séu virkir í hópnum og hittist reglulega. Meirihluti þeirra hefur breska menntun að baki. Þar fyrir utan er tengslanetið vítt og hópurinn hafi að minnsta kosti aðgang að um fimmtíu manns sem sé reiðubúið til að koma til aðstoðar þegar á þarf að halda. „Okkar fókus hefur legið í andstöðu við þessi hryðjuverkalög. Við erum að berjast fyrir Ísland núna og þetta er ögurstund," segir Magnús.

En það hafa ekki alltaf allir verið þeim sammála. „Í upphafi töldum við að allir hlytu að hugsa þannig. Allir hlytu að gera sér grein fyrir því hvað þetta er alvarleg staða," segir Sigmundur. „En við höfum stundum orðið fyrir vonbrigðum þegar við þykjumst skynja að stjórnmálamenn séu fyrst og fremst að hugsa um sína stöðu og halda í tiltekin áhrif, frekar en að fórna öllu fyrir Ísland."

Ef hugað er að upphafi átaksins segir Magnús þeirra aðkomu hafa komið til vegna þess að þeir eru báðir í stjórn Oxford-Cambridge-félagsins á Íslandi. „Okkur þótti mjög sárt að sjá Breta beina þessum lögum gegn Landsbankanum. Á þeim tíma var Landsbankinn kominn undir skilanefnd og því beindist þessi aðgerð líka gegn íslenska ríkinu og Seðlabankanum. Við þessum aðgerðum þurfti að bregðast og því fórum við í þessa herferð, sem er In Defence."

### Hver verður næstur?

Það voru fleiri en þeir og Íslendingar sem hafa haft áhyggjur af því hvernig Bretar hafa notað hryðjuverkalögin og segjast þeir fá mikla lögfræðilega aðstoð, bæði frá breskum og bandarískum lögmönnum. „Þeim finnst mjög langt seilst í aðgerðum gegn Landsbankanum. Í víðara samhengi þá velta menn því fyrir sér hvernig þessum lögum verði beitt næst, því að hryðjuverkalögum á fyrst og fremst að beita gegn þeim sem eru að ógna öryggi almennings," segir Magnús. „Hver verður næstur? Verður það eitthvert fátækt ríki í Afríku? Ríki í Mið-Asíu? Eða banki frá Mið-Austurlöndum?" Magnús bendir á að Bretar hafi haft möguleika á að nota önnur lög, „en það lítur út fyrir að þeir hafi viljað hafa þann möguleika að víkka aðgerðirnar út. Að frysta allar íslenskar eignir í Bretlandi."

„Vegna þess að þetta eru hryðjuverkalög, þá hafa þeir ekki sömu skyldur til að leggja fram gögn í málinu, til að réttlæta beitingu þeirra," bætir Sigmundur við.

> Okkar heimildir, bæði frá Evrópu og Bandaríkjunum, segja okkur að verið sé að tala um Marshall-aðstoð við Íslendinga.

### Barátta fyrir þjóðina alla

„Baráttan snýst um misbeitingu á hryðjuverkalögunum," segir Magnús. „Það eru margir Íslendingar sem segja sem svo: „Ég hef ekkert með Landsbankann að gera," en málið er það að fyrirtæki á Íslandi eru að missa viðskipti vegna misbeitingar þessara laga. Ríkisfyrirtæki er á þessum lista og þar af leiðandi er ríkið í raun á þessum lista og það speglast yfir alla þjóðina."

Þeir segja því að áhrifin af þessum lögum hafi áhrif, langt út fyrir bankann. Kvikmyndafyrirtæki hafi til dæmis misst viðskipti vegna þess að tryggingafélög vilji ekki tryggja þau, vegna þess að íslenskt fyrirtæki sé meðal hryðjuverkasamtaka. „Ef litið er á gjaldeyrismarkaðinn, þá neita bankar að færa peninga hingað, af því að þeir treysta ekki kerfinu og treysta ekki Seðlabankanum," segir Magnús. Þá hafi Commerz-bankinn í Þýskalandi fryst eignir Seðlabankans vegna beitingar þessara laga. Áhrifin séu því mun víðtækari en fólk geri sér grein fyrir.

### Snýst um þjóðerni

Baráttan snýst í raun ekki um Landsbankann, heldur almennt um íslenska hagsmuni í Bretlandi. „Þó við myndum gera ráð fyrir, að Landsbankinn hafi verið mjög spilltur banki," segir Magnús „þá er Kaupþing þarna í sömu götu. Það er hægt að segja sem svo að ef það hefði verið svo mikið af veggjatítlu í Landsbankanum, að það hafi þurft að brenna húsið, þá litu þeir niður götuna og ákváðu að brenna næsta hús líka. Bara til að vera vissir." Þeir segja því að frysting eigna Kaupþings hafi bara snúist um þjóðernið og við þann stimpil sé ekki hægt að búa.

„Eitt af því versta við beitingu þessara hryðjuverkalaga er að eignirnar sem eiga að standa á bak við Icesave-reikningana eru að brenna upp mjög hratt," útskýrir Sigmundur. „Það er því ekki eins og bresk stjórnvöld hafi verið að gera þegnum sínum mikinn greiða með þessari aðgerð."



**TIL VARNAR ÍSLANDI** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Magnús Árni Skúlason segjast hafa aðgang að mörgu góðu fólki sem hafi aðstoðað þá í baráttunni fyrir Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Enga minnimáttarkennd

Það er greinilegt að þeir eru ekki sáttir við hvernig Íslendingar hafa brugðist við því áfalli sem fall bankanna var. „Það er alltaf verið að tala um hvað bankarnir voru stórir, en það eru bankar í heiminum sem eru mjög stórir miðað við landsframleiðslu. Til dæmis UBS í Sviss og bankar í Lúxemborg eru mun stærri en landsframleiðslan, þannig að þessi minnimáttarkennd og svona sektarkennd þessarar mótmælendatrúarþjóðar gengur út yfir allan þjófabálk," segir Magnús.

Ástæðan fyrir hruninu hafi jú að einhverju leyti verið óstjórn í bönkunum, en einnig þurfi að líta til þess að bankarnir störfuðu í evrópsku reglugerðarumhverfi sem brást. „Það er ekki hægt að segja að Íslendingar séu algjörir fíóttar í fjármálum. Þá erum við að segja að Háskóli Íslands sé bara á við leikskóla. Að allt íslenskt menntafólk sé bara kjánar," heldur Magnús áfram.

„Við erum mjög ósáttir við að almenningur sé að taka á sig sök á einhverju sem fjármálamenn gerðu," segir Sigmundur. „Íslenskur almenningur hefur ekkert með það að gera hvernig Landsbankinn starfaði í Bretlandi frekar en bandarískur almenningur hafði eitthvað með það að gera hvernig Lehman Brothers starfaði. Það er óraunhæf krafa, hvort sem er til íslensks eða bandarísks almennings að hann hafi vit fyrir bankamönnum. Það

## Af vefsíðunni indefence.is



er algjör óþarfi fyrir íslenska þjóð að hún fari líka að taka á sig sekt fyrir fjármálafyrirtækin.“

**Vinnum með rökum og orðræðu**

Það þarf ekki að ræða við þá lengi til að komast að þeirri niðurstöðu að þeir félagar eru ekki heldur alls kostar sáttir við það hvernig íslensk stjórnvöld hafa brugðist við efnahagskrísunni og Icesave-deilunni. Þeir nefna sem dæmi að blaðamenn erlendra stórblaða hafi haft samband við þá og lýst yfir undrun á upplýsingastreymi frá íslenskum stjórnvöldum. „Það virðist sem ríkið sé ekki með neinar áætlanir yfir það hvað skuli gerast þegar allt fer á versta veg. Þeir eru þó greinilega með einhverja NATO-áætlun sem endurspeglast í norskum hermálasérfræðingi,“ segir Magnús.

Þeir vilja meina að barátta, eins og Íslendingar hafa átt í síðustu vikur, sé háð á þremur vígstöðvum: Á diplómatískum stöðum, í fjölmiðlum og sviði lögfræðinnar. „Ég efast um að bresk stjórnvöld vilji fá þetta mál fyrir dóm og ég held að það sé þess vegna sem bresk stjórnvöld hafa verið að þrýsta á okkur að semja. Þess vegna er verið að loka á þetta IMF-mál, vegna þess að Bretar vita að þeir eru með óhreint mjöl í pokahorninu,“ segir Magnús.

„Alla tíð hafa Íslendingar unnið sín mál með orðræðu og rökum. Þetta er kannski okkar Höfuðlausn og við verðum að leysa hana með rökum. Höfuð okkar er undir fallöxinni og það er verið að höggva það af. Við verðum að finna þessa leið sem Egill Skallagrímsson fann, annars erum við dæmd til þess að allt sem við höfum byggt upp verður dæmt sem einskis virði.“

Sigmundur bendir á að Bretum og Hollendingum hafi tekist að sannfæra önnur lönd ESB að „Íslendingar séu bara rugludallar sem eru ekki að standa við skuldbindingar sínar. Ekki síst vegna þess að við höfum engu svarað.“

**Gamaldags pólitík**

Í gegnum samskipti sín við embættismenn í Evrópu hafa þeir einnig fengið að vita að myndin af Íslandi sé ekki á þann veg sem við myndum vilja mála hana. „Okkar heimildir, bæði frá Evrópu og Bandaríkjunum segja okkur að verið sé að tala um Marshall-aðstoð við Íslendinga,“ segir Magnús. „Það er svo bara sagt að það sé ekki hægt að ræða við íslensk stjórnvöld. Í vikunni var fundur í Brussel með Þórunni Sveinbjarnardóttur og góðum hópi embættismanna, sem okkur er sagt að hafi farið bara nokkuð skammlaust fram. Hins vegar var fundur í síðustu viku með Árna Mathiesen sem var víst bara skelfilegur,“ segir Magnús.

Hann bætir við að þeir Evrópubúar sem þeir hafi talað við skilji ekki kaldastríðspólitíkina sem stunduð sé á Íslandi með því að tilkynna lán frá Rússlandi, sem var þó ekki í hendi. „Evrópubúar eru mjög ósáttir við að Íslendingar ætli að rjúfa einingu Evrópu með þessum hætti og þykir þetta gamaldags pólitík.“

**Þurfum bjartsýnina**

En þeir eru ekki bara neikvæðir, og vilja halda í bjartsýnina. „Það eru óheppilegar geðsveiflur hjá íslensku þjóðinni,“ segir Sigmundur. „Þegar allt gekk vel voru allir of bjartsýnir, en nú þegar við þurfum á bjartsýni að halda, og vera drífandi og jákvæð, þá eru allir svo svartsýnir. Þetta er kannski sama vandamál og hefur verið með ríkisfjármálin á Íslandi. Ríkið dælir peningum inn í hagkerfið þegar að það er þensla. Svo þegar verður samdráttur ætlar það að halda að sér höndum.“

Magnús bendir einnig á að það séu frábærir möguleikar fyrir hendi í orkunni, ungri og menntaðri þjóð, lífeyrissjóðakerfinu og ferðamannaiðnaðinum. „Þetta eru allt auðlindir sem við eigum. En þegar bankakerfið hrynur, þá er bara gat sem stendur eftir og við þurfum að finna leiðir til að fylla upp þetta gat til að viðhalda okkar efnahag. Við eigum fyrirtæki sem eru á heimsmælikvarða. Það má ekki gleyma því: Marel, Össur og Decode. Svo erum við með fyrirtæki eins og Orkuveitu Reykjavíkur sem er á heimsmælikvarða í sínum geira og endurspeglar þekkingu Íslendinga í orku og jarðvísindum. Þessa þekkingu er verið að gjaldfella.

Heilbrigðiskerfið er eitt af þeim fjórtán bestu í heimi, þar höfum við líka möguleika. Það eru möguleikar alls staðar í samfélaginu, og við verðum að horfa á þá.

Það má ekki bara horfa til þess að allt sé farið til fjandans, því við getum líka talað okkur niður í mjög alvarlega kreppu. Við getum talað okkur niður í tuttugu prósenta atvinnuleysi. Þetta er spurning um viðhorf.“ Það er jafnvel að það votti fyrir hæðni þegar Magnús bætir við: „Menn hafa mikinn sjóðabankakerfi á Íslandi. Menn segja að allt sé of stórt á Íslandi, þannig að menn ætla að hugsa smátt og vera smáir.“

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmuna uppboð

Næsta listmunauppboð Gallerís Foldar verður haldið 8. desember


Gunnlaugur Scheving

LISTMUNASALA fold

Erum að taka á móti verkum

Opið í Galleríi Fold á Rauðarárstíg, virka daga 10–18, laugard. 11–16 og sunnud. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is



**JÓNAS HALLGRÍMSSON FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1807.**

*„Smávinir fagrir, foldarskart, fífill í haga, rauð og blá brekkusóley, við mættum margt muna hvort öðru að segja frá. Prýðið þér lengi landið það, sem lifandi guð hefur fundið stað“*

***Þessar línur eru úr kvæðinu Smávinir fagrir eftir Jónas.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 16. NÓVEMBER 1938

## Ofskynjunarlyfið LSD fundið upp



Svissneski efnafræðingurinn Albert Hofmann uppgötvaði LSD eða lysergíð fyrir tilviljun þennan dag árið 1938. Hann var þá að kanna læknisfræðileg áhrif sveppa sem vaxa á hveiti og öðrum korntegundum. Hann áttaði sig þó ekki á áhrifum efnisins fyrr en 1943 þegar hann fékk LSD af vangá ofan í sig. Hann var alla tíð sannfærður um að lyfið gæti haft góð læknisfræðileg áhrif og hélt uppi vörnum fyrir notkun á því árum saman eftir að lyfið hafði verið bannað skömmu fyrir 1970.

Efnið varð vinsælt meðal lækna og ýmissa listamanna um 1950 og fram á sjöunda áratuginn. Vímunni var lýst sem ferð um ókunna stíga innra sjálfsins og átti að opna mönnum leið til meiri sjálfsþekkingar og aukins sköpunarkrafts. Upp úr 1960 fóru að koma í ljós hættulegar aukaverkanir og að notkunin gæti leitt til geðveikikenndra viðbragða og rangskynjana, ársarhneigðar og ótta. Það var síðan bannað í framhaldi af þessum uppgötvunum. Enn er þó verið að rannsaka efnið.

Ekki er talið að LSD-notkun hafi leitt menn til dauða með beinum hætti en dauðsföll hafa orðið vegna óbeinna áhrifa, til dæmis vegna brenglaðs fjarlægðarskyns.

Endurhvarf („flashback“) hefur komið fram hjá neytendum LSD. Jafnvel mörgum árum eftir notkun finnst þeim sem þeir séu nýbúnir að taka inn efnið.

### MERKISATBURÐIR

1610 Karl IX. undirritar vopnahléssamning við Rússa í Ivangorod.

1624 Dómkirkjan á Hólum í Hjaltadal, 230 ára gömul bygging, fýkur af grunni og gjöreyðileggst í aftaka norðanveðri.

1632 Þrjátíu ára stríðið: Svíar vinna sigur á keisarahernum í orrustunni við Lützen en Svíakonungur, Gústaf II. Adolf, fellur.

1917 Reykjavíkurhöfn er tekin í notkun. Danskir verktakar afhenda yfirvöldum hana.

1957 Nonnahús á Akureyri er opnað sem minjasafn í tilefni af að öld er liðin frá fæðingu Jóns Sveinssonar rithöfundar (Nonna).

1972 Heimsminjaskrá UNESCO er sett á stofn.

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Heiðar Halldór Viggósson**
rafvirki, Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

sem lést fimmtudaginn 6. nóvember verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju, Hafnarfirði, þriðjudaginn 18. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag langveikra barna.

Sólveig Ástvaldsdóttir
Dría Heiðarsdóttir Jón Helgi Jónsson
Ásthildur Heiðarsdóttir
Stefán Jón Heiðarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðmundur Karlsson**
málarameistari
Hátúni 12,

andaðist þriðjudaginn 11. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 17. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á MS-félag Íslands.

Ásthildur Þ. Guðmundsdóttir Jón Friðriksson
Stefán Guðmundsson Guðrún Ólöf Hrafnsdóttir
Karl Ágúst Guðmundsson Agnes Ástvaldsdóttir
og barnabörn.

---



*Okkar innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem á margvíslegan hátt heiðruðu minningu ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurðar Hjaltasonar**
Víkurbraut 28, Höfn,

og sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát hans og útför. Sérstakar þakkir til Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Lionsklúbbs Hornafjarðar. Enn fremur viljum við þakka starfsfólki Hjúkrunarheimilisins á Höfn frábæra umönnun og hlýju.

Aðalheiður Geirsdóttir
Margrét Sigurðardóttir Sigurjón Arason
Anna Sigurðardóttir Gunnar Þór Árnason
Halldóra Sigríður Sigurðardóttir Jóhannes Kristjánsson
barnabörn og barnabarnabörn.

---


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**

Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is


---

DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU: DAGSKRÁ Í ÞJÓÐMENNINGARHÚSINU

# Hvet fjölskyldur til að mæta

Dagur íslenskrar tungu er í dag og haldinn hátíðlegur víða. Dagskrá verður í Þjóðmenningarhúsinu í tilefni dagsins.

„Hér verður meðal annars sýning í minningu Jónasar Hallgrímssonar en 201 ár er liðið frá fæðingardegi hans og við teljum það hlutverk Þjóðmenningarhúss að taka þátt í hátíðahöldum tileinkuðum þessum degi,“ segir Markús Örn Antonsson, forstöðumaður Þjóðmenningarhúss.

Ókeypis aðgangur verður að öllum sýningum safnsins í dag og segir Markús dagskrána fjölskylduvæna.

„Ég vona að sem flestir mæti, einhverjir eiga enn eftir að koma hingað í Þjóðmenningarhúsið en þetta er einkar glæsileg bygging og eftirtektarverð dagskrá hér í dag. Foreldrar geta til dæmis komi hingað með börnin og fengið leiðsögn um handritasýninguna klukkan 13 og aftur klukkan 17.“

Dagskráin hefst klukkan 14 á fyrirlestri Tryggva Gíslasonar, fyrrverandi skólameistara, um þá mynd sem þjóðin hefur gert sér af Jónasi Hallgrímssyni.

Klukkan 16 er dagskrá um Lárus Pálsson, leikara og leikstjóra, á vegum Þjóðmenningarhússins í samvinnu við Þorvald Kristinsson, höfund ævisögu Lárusar. Lesið verður upp úr bókinni og geisladiskaútgáfa kynnt með upplestri Lárusar Pálssonar sjálfs á ljóðum Jónasar Hallgrímssonar.

Viðar Eggertsson, verkefnisstjóri leiklistar hjá Ríkisútvarpinu, fjallar um mikilvægan þátt Lárusar í störfum útvarpsleikhússins. „Ég leyfi mér að segja að Lárus hafi verið afburða hæfur í flutningi talaðs orðs í útvarpi, við upplestur á ljóðum, sögum og leikritum,“ segir Markús.

Dagskránni lýkur á minningarorðum Gunnars Eyjólfssonar leikara um Lárus.

Markús Örn tók við stöðu forstöðumannsins Þjóðmenningarhúss 1. september síðastliðinn, eftir þrjú ár sem sendiherra Íslendinga í Kanada. Hann lætur vel af nýja starfinu.

„Mér líkar vel og sýndi þessu mikinn áhuga þegar það var fært í tal að ég flyttist milli embætta. Ég hef reynslu í dagskrárgerð eftir störf við Ríkisútvarpið og sjónvarp, en hér er verið að vinna dagskrá sem stendur öllu lengur en hálftíma þáttur í sjónvarpi.“

Húsið er opnað klukkan 11 en dagskrá lýkur klukkan 17.

**heida@frettabladid.is**



**ÁHUGAVERÐ DAGSKRÁ** Markús Örn Antonsson hvetur fjölskyldur til að mæta í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

---



*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Ingvar Þór Gunnbjörnsson**
Þverási 20(áður Sólheimum 8), Reykjavík

lést á Landspítalanum við Hringbraut 10. nóvember. Útför fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Steinunn Helgadóttir
Anna Ingvarsdóttir Arnór Stefánsson
Gunnbjörn Þór Ingvarsson
og barnabörn.

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Inga Jónssonar**
Hringbraut 50, Reykjavík, áður á Kópavogsbraut 1b.

Jón Ingi Ingason Kristín Jónsdóttir
Markús Ingason Oddný Hólmsteinsdóttir
Sólfríður Guðmundsdóttir
afabörn og langafabörn.

---



*Elskulegi faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Baldur Jónsson,**
fyrrv. íþróttavallarstjóri,
Hraunbæ 192, Reykjavík,

lést föstudaginn 7. nóvember á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Grund. Útförin fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 19. nóvember kl. 13.30.

Jón Ingi Baldursson, Helga Gunnarsdóttir
Óskar Baldursson, Sigþrúður Stefánsdóttir
Sigrún Baldursdóttir,
Guðmundur Óskarsson, Helga Hrönn Sigurbjörnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Auður Vigfúsdóttur Welding**
Árskógum 6, Reykjavík,

sem andaðist miðvikudaginn 22. október. Sérstakar þakkir til starfsfólks á líknardeild Landspítala Landakoti, deild L5 fyrir einstaka umönnun.

Snorri F. Welding Ásta S. Lárusdóttir
Viðar F. Welding Kristín Á. Björnsdóttir
Kristín F. Welding Ólafur Guðvarðarson
barnabörn og barnabarnabörn.



**RITDÓMAR**
um nýjar skáldsögur, unglingasögur og ævisögur: Garðinn eftir Gerði Kristnýju, Tíu ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp eftir Hallgrím Helgason, Svart og hvítt eftir Jónínu Leósdóttur, Rökkurbýsn eftir Sjón og Lárus Pálsson leikara eftir Þorvald Kristinsson.



**MENNING** Í kvöld verða heiðursverðlaun Eddunnar afhent. Þau hlýtur Friðrik Þór Friðriksson, leikstjóri og framleiðandi, fyrir störf sín í þágu íslenskrar kvikmyndagerðar. Bls. 4

# Byggingarlok í óvissu



STÓRI SALURINN Í TÓNLISTARHÚSINU. MYND: FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

Vinna við tónlistarhúsið á austurbakka gömlu hafnarinnar í Reykjavík heldur áfram þótt dregið hafi úr þeim ákafa sem var í vinnu við húsið í sumar. Enn er ekki fullljóst hvernig samningsaðilar um bygginguna, Portus hf., Austurhöfn, félag Reykjavíkur og ríkissjóðs og Íslenskir aðalverktakar, sem er byggingaraðilinn, lenda byggingarlokum við húsið.

MENNING PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

BÚIÐ ER AÐ FESTA SAMNINGA við innlenda og erlenda aðila um flesta þætti byggingarinnar og kann að verða dýrt spaug að rifta þeim, jafnvel ómögulegt á þessu stigi. Erfitt er að meta hversu langt framkvæmdin er komin, hússkelin er meira en hálfnuð í byggingu og margir verktakar sem annast innri frágang eru langt komnir í vinnu sinni. Búið er að loka húsinu að hluta til bráðabirgða enda loftræstilagnir, vatnslagnir og hluti raflagna kominn á sinn stað í byggingunni. Samningar um hljóð- og ljósabúnað, stóla, hljóðhjálm og glerhjúpinn sem leggst ofan á bygginguna eru frágengnir og er unnið samkvæmt þeim víða um heim. Framleiðsla er hafin á einingum í glerhjúp Ólafs Elíassonar og á afhending á þeim að hefjast í janúar en hingað er væntanleg kínversk sendinefnd í næstu viku vegna uppsetningar hans. Fáir samningar við undirverktaka eru enn óbundnir en þeim er nú beint á innlenda aðila.

Til stóð að opna húsið í desember 2009 en um langt skeið hefur verið ljóst að það yrði ekki. Var þá litið til þess að vígja húsið formlega haustið 2010 en taka það í einhverja notkun fyrr, til dæmis gæti Sinfónían æft í húsinu fyrr en hún hefur leigt þar aðstöðu til 35 ára. Þessar áætlanir voru á borðinu í haust, áður en kreppan skall á. Nú eru áhöld um hvernig skuli halda byggingunni áfram og ljúka henni en verkið er einkaframkvæmd á vegum Portusar, sem var í eigu Landsbanka Íslands og Nýsis. Bæði fyrirtækin eru í skiptum, en Portus er enn starfandi.

Tíðir fundir hafa verið undanfarnar vikur hjá stjórn Austurhafnar en flókið mál er að finna áframhaldandi framkvæmdum form. Þá hefur hagur hússins ekki vænkast: í mars 2006 var byggingarkostnaður áætlaður 12,5 milljarðar. Í júní var hann uppreiknaður orðinn 17 milljarðar. Í ölduróti vísitölu og gengis er erfitt að henda reiður á hver byggingarkostnaður verður.

Í tengslum við Tónlistarhúsið var gert ráð fyrir mikilli uppbyggingu en Portus fékk í samningi sínum við borg og ríki stórar lóðir fyrir bílastæðahús og eru framkvæmdir hafnar við hluta þess, hótel, aðalstöðvar Landsbankans, fjármálasetur og fleiri byggingar. Ljóst má vera að ekki verður af þeim framkvæmdum og er því í umsjá Portusar gríðarlegt landflæmi í miðborg Reykjavíkur. Er litið til þess girndaraugum þótt engar áætlanir séu til um hvað rísi þar nú.

Fulltrúar hagsmunaaðila fara ekki í grafgötur með vilja sinn að húsið rísi: „Við lítum svo á að húsið verði tilbúið á tilsettum tíma," segir Þröstur Ólafsson, framkvæmdastjóri Sinfóníunnar, en 2010 er afmælisár hljómsveitarinnar og Listahátíðar í Reykjavík. Þröstur segir ekkert vit að ljúka ekki byggingunni. „Það er gríðarlega mikilvægt fyrir menningarlíf og ferðaþjónustu í Reykjavík og á landinu öllu og mjög áríðandi að verkinu vindi áfram til að koma húsinu sem fyrst í rekstur," segir Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar og ferðamála hjá Reykjavíkurborg, en hún situr í stjórn Austurhafnar.

Þá er ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fram undan eru mjög mannfrekir þættir í byggingunni og í harkalegum samdrætti í byggingariðnaði munar um minna. Þá er ekki minni hinn sálræni þáttur: ef um langan aldur stendur hálfkarað húsgímald í miðborg Reykjavíkur sem minnisvarði um stóra drauma er hætt við að það verði tákn. Á hinn bóginn segja menn að takist að klára húsið og koma því í notkun, jafnvel þó það standi eitt sér á stóru auðu svæði við austurbakkann, þá geti menn sagt með nokkru stolti að í kreppunni miklu í upphafi 21. aldar hafi þjóðin samt byggt þessa höll fyrir tónlistarlíf sitt og samkomuhald: Við byggðum það samt.

# Orðhákur þroskast

**10 RÁÐ – TIL AÐ HÆTTA AÐ DREPA FÓLK OG BYRJA AÐ VASKA UPP**

**Hallgrímur Helgason**

✶✶✶




Þeir sem hafa lesið Hallgrím Helgason vita að hann býr yfir snilligáfu: Orðin flæða, læðast og leika um síður hans. Hallgrímur spilar á tvíræðni orðanna og gæðir þau þannig auknu lífi. Oft með skoti beint í mark. En þeir sem skjóta í gríð og erg á markið eru sjaldnast með góða skotnýtingu. Hallgrímur hefur átt erfitt með að beisla þessa gáfu sína. Hnyttnin hefur liðið fyrir hreina og klára skot-rit-ræpu. Hallgrímur er orðhákur eða rappari meðal rithöfunda. Fram til þessa virðist sem honum hafi þótt svo vænt um texta sinn að sjaldan hefur mátt klippa. Herra Alheimur og Höfundur Íslands hefðu til dæmis þurft í stólinn hjá Torfa og í klippingu í átt til þeirrar sem höfundur sjálfur skartar. En hér er komin þéttasta og besta bók Hallgríms til þessa: 10 ráð – til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp.

Tomislav Bokšic, kallaður Toxic, er leigumorðingi króatísku mafíunnar í New York. Hann þarf að flýja New York og flækist fyrir röð tilviljana til Íslands og lendir þar í fangi sértrúarfólks sem rekur sjónvarpsstöðina Amen. Söguþráðurinn framan af er frábærlega skemmtilegur, hugmyndaríkur og þó hann sé nánast absúrd heldur Hallgrímur svo vel um alla þræði að lesandinn fellst á forsendur sögunnar og lendir aldrei í að segja við sjálfan sig: Nei, hættu nú alveg. Framan af.

Hallgrímur hefur í verkum sínum oftar en ekki boðið upp á grimma samfélagsádeilu og er skemmst að minnast hinnar ágætu Roklands í því samhengi. En með sögumanni sínum Toxic hefur Hallgrími tekist að skapa sér nauðsynlega fjarlægð þannig að ágæt skot á fábjánaskap í íslensku samfélagi verða aldrei uppskrúfuð eða yfirlætisleg eins og þau verða óhjákvæmilega komi þau úr munni heimamanna. Eins einkennilega og það hljómar er sýn á íslenskt samfélag miklu skýrari í gegnum augu króatísks leigumorðingja en liðleskjunnar Hlyns í 101 Reykjavík eða Badda bloggara í Roklandi – svo nefndar séu tvær bestu bækur Hallgríms til þessa.


Hallgrímur Helgason

10 ráð er kolsvört kómedía. Bráðfyndin og þar hjálpa frumlegar líkingar: „Fólk starir á mig eins og ég sé með eistu Saddams í töskunni." (Bls. 15). Og söguþráðurinn býður vitanlega upp á óborganlegar senur sem byggjast á vel undirbyggðum misskilningi. Moliére gæti verið fullsæmdur af sumum atriðanna – sem stundum verða þó tragikómísk eins og þegar slær í brýnu með þeim Toxic og Þresti bróður. Sögumenn samkvæmt skáldskaparfræðum njóta forskots hjá lesendum og Hallgrímur nýtir sér það ljómandi vel hvað varðar leigumorðingjann sinn. Svipmyndir úr fortíð hans í stríðinu á Balkanskaga eru vel út færðar og ljá bókinni dramatíska dýpt.

Hvað er þá að? Hallgrímur veit sem er að allar góðar skáldsögur fela í sér ástarsögu. Og sú saga, sem er merkilegt nokk ekki eins trúverðug og þær furður aðrar sem Toxic lendir í, verður fyrirferðarmeiri eftir því sem líður á bókina. Og um leið er sem höfundi fatist flugið. Söguþráðurinn verður ekki eins dínamískur uppúr miðri bók og framan af. En kannski er um of mikið beðið að menn haldi út með slíka flugeldasýningu.

*Jakob Bjarnar Gretarsson*


Úr Fjalla-Eyvindi og konu hans, eins og Jóhann kallaði verkið í frumgerð sinni. Í hlutverkum Kára og Höllu voru þau Viktor Sjöstrom og Edith Erastoff.

# KVIKMYNDASAFNIÐ *þrítugt*

Í ár eru þrjátíu ár frá því að lög um kvikmyndasafn og kvikmyndasjóð voru samþykkt á Alþingi og þar með rennt stoðum undir skipulega söfnun kvikmyndaarfs okkar og heimilda. Á sama tíma var skapaður grunnur undir sjálfstæða kvikmyndagerð í landinu, sem hafði þá verið á höndum ríkisins og auglýsingaframleiðanda, með sjóði til eflingar innlendri kvikmyndagerð. Þessara tímamóta verður minnst í vikunni.

KVIKMYNDIR **PÁLL BALDVIN BALDVINSSON**

Kvikmyndamiðstöð Íslands hefur ekki minnst upphafsára forvera síns, Kvikmyndasjóðs, en þau hjá Kvikmyndasafninu hafa hóað í hátíð með veglegri dagskrá sem unnendur kvikmyndalistar hafa notið á sýningum í kvikmyndahúsi safnsins í Hafnarfirði það sem af er vetri. Fram undan er hápunktur hátíðahalda vegna afmælisins en á þriðjudag verður frumflutt nýsamin tónlist Atla Heimis Sveinssonar við kvikmynd sænska leikstjórans Viktors Sjöström, Fjalla Eyvindur og kona hans, sem gerð var eftir leikriti Jóhanns Sigurjónssonar. Auk tónlistar Atla sem Kammersveit Hafnarfjarðar flytur undir stjórn Guðna Franzsonar er myndin nú með nýjum skýringartexta sem dr. Jón Viðar Jónsson hefur samið en þegar myndin var frumsýnd hér í Gamla bíó 1919 var hún með skýringartexta sem hefur glatast. Þá er þess líka að minnast að níutíu ár eru liðin frá því myndin var frumsýnd í Stokkhólmi.

Viktor Sjöström var eitt af stóru nöfnunum á gullöld evrópskra kvikmynda á fyrri hluta síðustu aldar, virtur sviðsleikari og síðar kvikmyndaleikstjóri. Til stóð að kvikmynd hans eftir leikriti Jóhanns væri tekin hér á landi en hætt var við það sökum stríðsástandsins. Þeir Jóhann höfðu átt samstarf þegar Sjöström lék Loft í Óskinni sem hann hafði líka hug á að kvikmynda.

Erlendur Sveinsson segir í grein sinni í afmælisriti vegna afmælisins að myndin hafi markað þáttaskil í þróun myndmáls kvikmyndanna og komið Svíþjóð á kortið í evrópskri kvikmyndagerð. Þorgeir Þorgeirson sagði að í verkinu komist Ísland inn í sögu kvikmyndalistarinnar í fyrsta og eina sinn.

Sérstök hátíðarsýning verður á myndinni á þriðjudag og síðan verður hún sýnd aftur með tónlistarflutningi á laugardaginn kemur í Bæjarbíói kl. 16.






Katrín Elvarsdóttir / Sigrún Sigurðardóttir

**HEIMA-HEIMAN**
**HOME-AWAY**

13. sept. 2008 - 11. janúar 2009

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography

Tryggvagata 15, 6th floor · 101 Reykjavík · Tel. 563 1790 · photomuseum@reykjavik.is · www.photomuseum.is
Opening hours 12–19 mon–fri, 13–17 weekends · **ADMISSION FREE**


## LJÓÐIÐ



### Það er bótin

**Páll Ólafsson**

Það er bótin þegar allt er liðið,
- þess að bíða mun nú verða skammt:
hvers ég vonað hafði mest og kviðið
hulið verður allra sjónum jafnt.
Best er allt í brjósti sér að dylja
og brosa þó mann vanti hjartans frið,
ofan jarðar ekki er vert að skilja
eftir kvein sem menn ei kannast við.

*Ég skal kveða um þig eina alla mína daga, ástarljóð Páls Ólafssonar, eru komin út á bók í samantekt og útgáfu Þórarins Hjartarsonar.*

# Glettni fyrst og fremst!




**Geimverur vilja stela nærbuxum!** Ótrúlega skemmtileg bók fyrir alla fjölskylduna. Gamansamar vísur og gáskafullar teikningar. – Valin besta barnabókin 2007, fyrir fimm ára og eldri, af Richard og Judy-sjóðnum.




Spæjararnir **Ottólína og Normann** fást við gátu um gæludýr sem hverfa... Ótal myndir. Sannarlega hugmyndaríkt verk. Póstkort fylgja. Enn eitt dæmið um snilld Riddels. Í fyrra gáfum við út *Keisarann í Furðulandi*.




**Villi er uppfinningasmiður**. Hann smíðaði vélmennið Villaþjark sem átti að taka til. Því miður tók Villaþjarkur allt of vel til...
Höfundurinn hefur hlotið UNESCO-verðlaunin, Nestle-gullið og fleiri verðlaun.

**LEIFTRANDI KÍMNI!**
**– LÍKA Í NÆSTU BÓK...**




Sérstaklega litríkar teikningar og líflegt rím eftir metsöluhöfunda. Verðlaunabók. – Það er órói í **Örkinni hans Nóa** en hann er snjall og efnir til hæfileikakeppni...

BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN

# Ótal spurningar

**SVART OG HVÍTT**
**Jónína Leósdóttir**
**Mál og menning**
★★★★



Svart og hvítt eftir Jónínu Leósdóttur er framhald bókarinnar Kossar og ólífur sem hún sendi frá sér fyrir síðustu jól. Lesendur fylgjast áfram með vinkonunum frá Vík, Önnu og Kötu og glímu þeirra við lífið og tilveruna. Í upphafi sögunnar eru stelpurnar komnar suður í framhaldsskóla, sögusviðið er því stærra en áður var, sagan gerist jafnt í Reykjavík, Vík í Mýrdal, í Brighton og London. Höfundur leikur sér að andstæðum staðanna. Hann veltir fyrir sér mismunandi aðstæðum unglinga í löndunum tveimur og skoðar Ísland og Bretland með augum gestsins.

Unglingar nútímans leita svara við ótal spurningum. Þær Anna og Kata eru engin undantekning. Þeirra spurningar eru hins vegar fleiri en margra jafnaldra þeirra og veita því lesendum innsýn í heim sem íslenskir unglingar þekkja lítið. Deepak sem Kata hitti í fyrri bókinni er nefnilega hindúi. Þrátt fyrir að Deepak sé fæddur og uppalinn í Brighton fylgja foreldrar hans indverskum hefðum í einu og öllu. Saga Kötu og Deepaks er rauður þráður í sögunni sem sögð er frá sjónarhorni Önnu. Þau Deepak og Kata þurfa að horfast í augu við eigin tilfinningar, eru þær nógu sterkar til þess að þau geti gengið gegn hefðum samfélagsins? Anna veltir eigin kynhneigð áfram fyrir sér. Það er ánægjulegt að sjá fjallað um það efni blátt áfram í unglingabók án þess að um vandamál sé að ræða. Það að horfast í augu við sjálfan sig er viðfangsefni höfundar, án þess að viðbrögð samfélagsins stjórni því hver maður er. Það er ágæt lausn að flytja söguna frá fámenninu á Íslandi og í fjölmenninguna í Brighton og gefa Önnu þannig tækifæri til þess að velta vöngum yfir sjálfri sér í umhverfi þar sem samkynhneigð þykir ekki tiltökumál.

Rétt eins og í fyrri bókinni er lýsing á aðstæðum og staðháttum nákvæm. Einkum lýsir höfundur nú mismunandi matarhefðum ólíkra þjóða. Jólamat á Íslandi, enskt miðdegiste og hátíðsmat á Janmashtami-hátíð Hindúa. Öllu er lýst með mátulegri nákvæmi til þess að færa lesandanum upplýsingar og gera hann forvitinn, hvort tveggja í senn. Svart og hvítt er vönduð og grípandi unglingabók sem svarar fjölda spurninga sem brenna á hugum unglingsstúlkna.

*Hildur Heimisdóttir*

# HEIÐURSVERÐLAUNA

Í kvöld á degi íslenskrar tungu er haldin uppskeruhátíð kvikmyndaiðnaðar á Íslandi, Eddan. Þar verða Friðriki Þór Friðrikssyni kvikmyndaleikstjóra veitt heiðursverðlaun fyrir framlag til íslenskrar kvikmyndagerðar.

KVIKMYNDIR **PÁLL BALDVIN BALDVINSSON**

Friðrik Þór hefur oft sagt að bestu ár leikstjóranna séu síðustu áratugirnir, fullkomin tök á forminu öðlist menn aðeins á efri árum. Hann notar þar viðmið sem sjaldan þekkjast í listalífi okkar, menn teljist fullgildir þar til þá þrýtur þor, þrek og erindi, og miðar sig þá við hina stóru sem héldu áfram þar til þeir voru komnir á níræðisaldur. Enginn hefur afkastað eins miklu í kvikmyndagerð hér á landi og hann og væri hver maður fullsæmdur af því starfi: hann hefur lagt gjörva hönd á margt með sínum persónulega stíl sem hann lætur enga trufla sig við.



**Friðrik Þór Friðriksson fótboltamaður með meiru.** MYND FRÉTTABLADID/GVA

Ánægja hans við val á kvikmyndum í Fjalaköttinn forðum daga er söm og hugljómanir hans af væntanlegum verkefnum sem hann veit að bíða hans. Friðrik veit að listsköpun er langhlaup og er langminnugur á hugmyndir. Stundum svo langminnugur að mann furðar hvað hugurinn getur leitað langt aftur og minningar sínar fellir hann jafnan í myndrænt form og knappa sögu – atriði.

Friðrik hóf feril sinn í tilraunamyndinni þegar innan við tvítugt, hann vann að þáttagerð fyrir sjónvarp og auglýsingagerð, þreifaði fyrir sér í konseptlistinni, rak kvikmyndaklúbb, stofnaði kvikmyndahátíð, skrifaði um kvikmyndir – allt áður en hann hófst handa við kvikmyndaleikstjórn í heimildarmyndagerð. Hann var á þessum árum fram yfir þrítugt að koma sér fyrir áður en hann kleif hjallann og réðist í það kostnaðarsama fyrirtæki að búa til myndir. Eftir að leiknu myndirnar tóku að streyma frá honum varð hann afkastamikill






# Um Íslands aðskiljanleg

**RÖKKURBÝSNIR**
**Sjón**
**Bjartur**
★★★★



Þetta er söguleg skáldsaga, saga Jónasar lærða Pálmasonar, byggð á ævi og ritum Strandamannsins Jóns lærða Guðmundssonar (1574-1658) sem dæmdur var útlægur fyrir galdra og gert að taka út refsingu sína um hríð á óbyggðri klettaeyju nyrst í hrollkaldri Austfjarðaþokunni þar sem höfundur smíðar sögunni ramma og setur hana niður í tíma. Með skilvirkum og áhrifaríkum undantekningum rekur hetjan raunir sínar í fyrstu persónu eintölu og fer hvorugur (höfundur né hetja) leynt með þann ásetning að bókin er apólógía; játning, málsvörn og skírsla. Sígild saga af meinlausum smælingja með óviðráðanlega gáfu sem ógnar svo ríkjandi reglu óréttlætis og lyga og skelfir svo fávísa varðhunda auðs og valds að gagnsókn þeirra í Drottins nafni er djöfulsins sé hún aðeins opinberuð í ljósi þess fyrrnefnda. Og það er af því að Jónas sjálfur hefur orðið og er sigur- en ekki sérajón.

Jafnframt er þetta saga af vísindamanni, heimspekingi, lækni, myndlistarmanni og misskildum snillingi, söngelskum steinasafnara og jesúbróður, skáldi með viskustein í höfði, eiginmanni og föður með líknarstein í brjósti. Saga um ást, kærleika og sannleika, morð, harm og græðgi, sköpun, pínu og heimsslit. Heillandi skáldskapur.

völundarsmíð, nákvæm og vönduð yfirlega, sótt í smiðju sögualdarinnar og stílfræði þess lærða en hert í eldi þeirrar tuttugustu og fyrstu og gyllt að hætti höfundar. Náttúrumynd og náttúrulýsingar bókarinnar eru bæði mjög fallegar, og gott dæmi um falið samspil aldarfars og heimsmyndar sögutímans við skáldsýn höfundar og listskilning í nútíma. Þá er samþætting sögulegs raunsæis við furður og yfirnáttúru sannfærandi og átakalaus, líkt og í Biblíusögunum (og góðum súrrealisma) og byggist á sömu forsendu eða málsrökum; dulmögnun orðsins sigrar raun, vit og skynsemi – magnar trú sem flytur fjöll. Galdur skáldskaparins.

Vísun sögunnar til nútíma er því (vitaskuld) samfélagsleg og listræn í senn, varðar bæði brauð og orð, æði lesandans og list skáldsins, alvaldið og öreigann. Bókin er bæði fjandafæla og fjölmóður. Myndin af græðgi og yfirgangi auðvaldsins er átakanlega nærri lesandanum, myndir af fórnarlömbum girndar og trúarbragða sömuleiðis, myndin af nægjusömum sendlingi átakanlega fjarri. Trúin á góðan galdur, trúin á mátt og megin bókstafs og rittákns, rúnir og orð, með vísan í reginöfl móður jarðar – dýraríkis, jurta-, steina- og andríkis hennar, er hins vegar ávallt nærri; eilíft tungumál skáldsins á öllum tímum. Þar slær þeim saman í eyjunni, Jóni, Sjón, Jónasi og Jóhannesi guðspjallamanni.

Þá eru aðrar mannlýsingar eftirminnilegar, ekki síst myndin af Siggu, og Ara í Ögri sem Landið þitt Ísland segir að hafi verið „höfði hærri en aðrir menn". En af hverju kom bókin ekki út í fyrra, þá hefðum við getað lært af sögunni. Mikil er ábyrgð skáldsins.

Rökkurbýsnir eru yndi til lestrar, aðgengilegar öllum lesendum, frásögnin spennandi og alþýðleg, ekkert nema rasssæri rekur mann á fætur. Góða skemmtun!

*Sigurður Hróarsson*

# Tvær stúlkur

**GARÐURINN**
**Gerður Kristný**
**JPV**
★★★




Hólavallagarður er efni Gerðar Kristnýjar í Garðinum. Textinn er ljóðrænn, langt frá galsanum sem einkenndi Ballið á Bessastöðum í fyrra. Nú er markhópur stúlkur með áhuga á andlegum efnum. Draugar eiga sér margar myndir í þjóðtrú, hér nýtir höfundur sér fleiri en eina mynd. Sagnfræðilegar skáldsögur höfða til krakka sem vilja hafa sögu „sanna". Hér er fléttað saman sögum tveggja unglingsstúlkna, önnur lifir á okkar tímum en hin var uppi fyrir 90 árum. Þótt aðstæður hafi gjörbreyst á níutíu árum hafa tilfinningarnar sjálfsagt lítið breyst. Eyja er nýflutt í nágrenni Hólavallagarðs. Pabbi Eyju finnur draumastólinn sinn í antíkbúð fljótlega eftir að fjölskyldan kemur sér fyrir. Stólakaupin eiga eftir að draga dilk á eftir sér. Hér er á ferðinni saga af ungri stúlku sem lendir í ótrúlegri ævintýrum en flestir jafnaldrar hennar.

*Hildur Heimisdóttir*


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Gæðastundir
í Þjóðleikhúsinu







Miðasala í síma 551 1200
og á www.leikhusid.is

Gjafakort á Kardemommubæinn!
Tilboð til áramóta, sætið á aðeins 2.000 kr. (fullt verð 2.800)
Tilvalið í jólapakkann



MIRALE

TILBOÐ
40% afsláttur
af ávaxtakörfunni
frá ALESSI
í dag



ALESSI

kr. 10.000,-
áður kr. 17.280,-
takmarkað magn

OPIÐ Í DAG
frá kl. 13–16
verið velkomin
í FÁKAFEN 9

MIRALE
Fákafeni 9
108 Reykjavík
sími: 517 1020

Opið
mán.–föstud. 11–18
laugardag 11–16
sunnudag 13–16
www.mirale.is

# Saga Lárusar Pálssonar

**LÁRUS PÁLSSON LEIKARI**
**eftir Þorvald Kristinsson**
**JPV Útgáfa**
★★★

Út er komin ævisaga Lárusar Pálssonar leikara og leikstjóra (1914-1968) eftir Þorvald Kristinsson bókmenntafræðing, stór bók, 375 síður í stóru broti, ríkulega myndskreytt, vandlega unnið verk og af mikilli smekkvísi í alla staði. Þorvaldur hefur um langt skeið unnið að verkinu og hóf það fyrir áeggjan Maríu Jóhönnu Lárusdóttur og fékk fullan aðgang að persónulegum gögnum Lárusar, þar með talin bréfaskifti hans við danska listamenn sem gefa verkinu aukna dýpt – án þeirra væri verkið snautlegra.



Lárus Pálsson var dáður og mikilvirkur listamaður.

### Brautryðjandi

Lárus Pálsson er flestum gleymdur nú: hann var brautryðjandi í íslensku leikhúsi, var í hópi þeirra fyrstu sem sóttu sér menntun í leiklist, fór til Danmerkur og lærði við skóla Konunglega leikhússins. Hann tilheyrir því danska hópnum í leiklistarsögunni, Haraldi Björnssyni, Önnu Borg, Lárusi Ingólfssyni, Bjarna Björnssyni, Sigrúnu Magnúsdóttur, Þorsteini Ö. og Regínu Þórðardóttur. Lárus snýr heim eftir störf í dönsku leikhúsi 1940, verður strax 26 ára gamall aðaldrifkraftur í Leikfélagi Reykjavíkur sem leikstjóri og leikari, stofnar leikskóla sem menntar nánast alla þá sem komu svo til starfa hjá LR og í Þjóðleikhúsinu eftir 1950, mótaði stóran hóp listamanna með afgerandi hætti, í hugmyndum og tækni. Lesendum okkar tíma má vera ljóst að raddtækni leikara eins og Sigurðar Skúlasonar og Arnars Jónssonar er komin um eina kynslóð frá Lárusi. Hann er enn virkur í íslensku leikhúsi. Og í upplestrartækni skálda er hann stöðugt að starfi: Vilborg Dagbjartsdóttir og menn kynslóð yngri sem mótuðust í handleiðslu manna sem Lárus kenndi, og kenndi vel. Lárus var afbragðs flytjandi á bundið mál.

### Mikilvægi Lárusar

Það var ekki aðeins í uppeldi sem Lárus gegndi mikilvægu hlutverki: hjá Leikfélaginu hóf hann mið atvinnumennskunnar á loft, hann færði ný verk og nýstárleg inn á svið Leikfélagsins, skóp hátind hinnar þjóðlegu hefðar í leikverkum á borð við Gullna hliðið og seinna Íslandsklukkuna, læstist raunar inni í dauðateygjum þeirrar hefðar í fjölda sviðsetninga á fyrstu árum Þjóðleikhússins á vanburða verkum. Hann átti sinn þátt í óperettusýningum á fimmta áratugnum og kom aftur að hátindi íslenska söngleiksins sem spratt út úr revíunni með sviðsetningu á Delerium búbónis 1960 í Iðnó, hann átti stóran þátt í því þjóðleikhúsi sem varð til í Ríkisútvarpinu, hann skóp, nánast einhendis, upphaf stórra og metnaðarfullra sýninga á borð við Pétur Gaut og Hamlet í Iðnó sem settu um langt skeið viðmið í verkefnavali Þjóðleikhússins og síðar Iðnó. Hann náði að takmörkuðu leyti að tengjast þeim tíðindum sem urðu í endurnýjun leikbókmennta eftirstríðsáranna en kom þó á markverðan hátt að því að sviðsetja verk eftir höfunda á borð við Sartre, Miller og Durenmatt. Og naut margoft óbilandi aðdáunar fyrir túlkun sína á stórum og smáum hlutverkum. Hann átti einn íslenskra leikstjóra kost á ferli á erlendri grund á fyrstu áratugum lýðveldisins.

En ferillinn var skammur: í byrjun sjöunda áratugsins er Lárus orðinn veikur maður: hann deyr aðeins hálfsextugur.




### Brestir og afköst

Þorvaldur heldur sig við hefðbundnar aðferðir ævisöguritunar. Hann er mildur í afstöðu, trúr sínum manni jafnvel þegar komið svo illa fyrir Lárusi að áfengi og lyf halda honum frá starfi, hann er á hrakhólum, nánast heimilislaus eftir að hjónaband hans bíður endanlegt skipbrot. Langvinnur sjúkleiki Systu konu hans átti sinn þátt í því. Þorvaldur staldrar ekki mikið við veikindi hennar en af samhengi má ráða að áfengis- og lyfjaneysla hafi þar ráðið um. Spyrja má hvers vegna er ekki gengið hreint til verks í sögunni af hálfu æviritarans?

Það er reyndar sá niðurlægingarkafli, síðasti áratugurinn í starfi, sem er fátæklegastur í verki Þorvaldar. Hann gerir því skóna að Lárus hafi orðið út undan í samkeppni sem leikstjóri eftir 1960: hann setur þó upp á næstu fimm árum 8 verkefni og leikstýrir á sama tíma í útvarpi 29 verkefnum. Á sama tíma er hann gríðarlega virkur í vinnu á sviði og í útvarpi sem leikari: hlutverk hans á sviðinu eru á þessum fimm árum 16 og í útvarpi hátt í 70: veturinn 62-63 skilar hann 70 sýningarkvöldum, veturinn eftir 87 kvöldum: maðurinn er í fullri vinnu. Og er þá ekki allt talið því á þessu tímabili heldur hann áfram vinnu við leikgerðir: Fjallkirkjuna, Paradísarheimt, Sölku Völku og fleiri verk. Víst er vettvangurinn sundraður en verkefnin eru fjölmörg heilsulitlum manni með erfiðar heimilisaðstæður.

### Deilt og drottnað

Ekki tekst Þorvaldi til fulls að skýra þær erfiðu aðstæður sem bundnar voru listamönnum við stjórnunarhætti Guðlaugs Rósenkrans. Hér ekki staðnæmst við deiluna um hlutverk Póloníusar í sviðsetningunni á Hamlet 1964 sem er þó kunn og olli brottför Haraldar Björnssonar frá Þjóðleikhúsinu sem skóp honum glæsilegan lokaferil í Iðnó og hjá Grímu. Þá les Þorvaldur á stöku stað rangt í heimildir: eru líkur á að Gunnar Eyjólfsson hafi gert þá kröfu að Lárus léki Jeppa á Fjalli 1967 og það hafi komið Guðlaugi Rósenkrans „undarlega fyrir sjónir“ þegar frumsýningu ber upp á 30 ára leikafmæli Lárusar? Eina forsendan fyrir vali á verkinu var Lárus. Og raunar sýnist manni á gögnum verksins að Lárus Pálsson hafi verið í sérstöku dálæti hjá Guðlaugi alla tíð. Brestir á ferli Lárusar hafi í raun verið sjálfskaparvíti.

Þorvaldur gerir ekki nema að takmörkuðu leyti grein fyrir hvernig kalda stríðið setti mönnum annmarka í starfi: raunar má segja að skipan Guðlaugs Rósenkrans hafi verið skýrt merki um þær aðstæður sem róttækir betri borgarar eins og Þorsteinn Ö. og Lárus bjuggu við. Þeir voru sósíalistar og áttu ekki sjens í starf Þjóðleikhússtjóra af þeim sökum. Pólitískir dilkar höfðu þó meiri áhrif á yngri kynslóðir eins og mannval í ráðningum að Ríkissjónvarpinu 1967 bar með sér.

### Hópar og tilraunasvið

Hann gerir ekki að neinu leyti grein fyrir starfi sjálfstæðra leikhópa sem komust aldrei að styrkjakerfi sem LR og Þjóðleikhúsið einokuðu. Þó starfaði Lárus bæði við flokk þeirra Helgu Valtýsdóttur og Björns Thors, stóð fyrir eigin sýningum og vann með Leikflokki Heimdallar og með Félagi einsöngvara. Þá dregur hann ranga ályktun af hugmyndum Þorsteins og Lárusar um tilraunasvið við Þjóðleikhúsið 1946 (248). Það var gert ráð fyrir því í aðalbyggingu með sér inngangi en var lagt af og því rými í húsinu breytt í æfingasal/danssal fyrir ballettskólann meðal annars fyrir tilstuðlan Félags listdansara strax 1950. Ef litið er á verkefnaskrá hússins fyrir 1964 fóru margar sýningar á stórt svið sem hefðu betur hæft *intime* sal. Við opnun Litla sviðsins 1964 var viðurkennt að um langan aldur hafi verið þörf fyrir minni sal við húsið en það var ekki hugmynd þeirra félaga.

Mikilvægasti kafli verksins er greining á aðstæðum við Konunglega leikhúsið þegar Lárus var þar við nám. Þar er skýrt svæði sem áður var lítið vitað um. En um allt er þessi bók fallega unnið verk og mikilvægt í íslenskri rannsóknarsögu. En jafnframt er það til marks um hversu hverful gæfan er á leiksviðinu, hversu hratt orðspor hverfur í þeim heimi, en um leið hvík dýrð getur orðið til skamma stund í návist mikilvægs listamanns.

*Páll Baldvin Baldvinsson*

## STURLUNGA FÆR NÝTT LÍF

★★★★★

„Meistaralega unnið verk … *Ofsi* er merki um fullþroska höfund og er sómi okkar dögum.“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

„Það er mikil dramatík í þessu en líka húmor … þetta er það sem hann gerir best.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Sturlunga og Flugumýrarbrenna [verða] ljóslifandi og maður verður var við sorgina og óttann og skelfinguna … Ofsalega góð bók.“
GERÐUR KRISTNÝ / MANNAMÁL, STÖÐ 2

„[Einari] tekst ... að klæða þessar persónur sem koma við sögu í einni setningu í Sturlungu … í einhvern feikilega flottan karakter … sem stenst, sem gengur upp.“
SIGMUNDUR ERNIR / MANNAMÁL, STÖÐ 2

„Hefur hann ekki aðeins skapað nýtt verk … heldur einnig gefið Sturlungu sjálfri nýtt líf og erum við því öll ríkari fyrir vikið.“
GAUTI KRISTMANNSSON / VÍÐSJÁ






# Tvær sem hafa slegið í gegn

*Um það eru gagnrýnendur og lesendur hjartanlega sammála*

BÆKURNAR ERU PRENTAÐAR Á ÍSLANDI

## SAGA SEM LEITAR Á

„Bráðskemmtileg bók sem þjónar hlutverki sínu sem ljós í myrkrinu dável.“
ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR / WWW.BOKMENNTIR.IS

„Undirliggjandi í öllum hennar verkum er himinhá siðræn krafa sem verður logandi í huga lesandans.”
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

„Bókin kemur mjög á óvart … Hún er mjög flinkur höfundur.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN, RÚV

„Þetta er mjög grípandi saga og allt í senn frumleg, yndisleg, spennandi og bráðfyndin … góð uppbygging og frábær persónusköpun.“
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN






MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

## AÐ TJALDABAKI

**Velgengni sýninga í Borgarleikhúsi** á þessu hausti sem byggist mest á Fló á skinni og Fólkinu í blokkinni hefur orðið til þess að sýningar halda áfram allt til 21. desember en það hefur ekki gerst í áratugi. Fyrirhuguðum frumsýningum á Milljónameynni og Söngvaseið er því seinkað. Takist ekki að ljúka sýningum á Söngvaseið í vor og söngleikurinn flytjist á næsta haust – sem gæti gerst, síðast sáu söngleikinn 30 þúsund áhorfendur – er líklegt að saman renni sýningar á Söngvaseið og Vesalingunum sem Magnús Geir hyggst leikstýra sjálfur á jólum 2009.



**Dagur vonar** eftir Birgi Sigurðsson var frumsýndur í Þjóðleikhúsinu í Prag á föstudagskvöld. Jafnframt kom leikritið út á bók í Tékklandi. Íslenskt leikrit hefur aldrei áður verið frumsýnt í þessu leikhúsi, né heldur í Prag svo vitað sé. Guðjón Pedersen leikstýrir. Dagur vonar var frumsýndur hjá Leikfélagi Reykjavíkur í Iðnó 1987 við mikla aðsókn og hrifningu. Leikritið hefur verið sýnt víðar: Los Angeles Theater Center, Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn, Álaborgarleikhúsinu og í Vasa í Finnlandi.








Stakfell | Grunnur að góðu lífi
Þorlákur Ó. Einarsson, lögg. fasteignasali
Þórhildur M. Sandholt, lögfræðingur og lögg. fasteignasali

# Einbýlishús í Þingholtunum

Höfum kaupanda að einbýli í Þingholtunum með skipti á minni eign í huga á sama stað.

Vinsamlega hafið samband við Magnús Gunnar Helgason í síma 535-1006

# Einbýlishús í Fossvog

Höfum kaupanda að einbýlishúsi í Fossvogi með skipti á minni eign í huga.

Vinsamlega hafið samband við Pál Þórólfsson í síma 535-1007

Lágmúli 7, sími 535_1000 Stakfell.is

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Gulaþing 22-24 - Sérhæðir
4ra herb. Allt að 85 % lán– Lítil útborgun



- Íbúðirnar eru 118,6 fm með sérinngangi og afhendast fullbúnar að utan sem innan með gólfefnum.
- Innréttingar eru innlendar frá Axis.
- Hreinlætistæki frá Byko og heimilistæki frá AEG.
- Frábært útsýni til vesturs yfir Elliðavatn og norður að Esju.
- Vandaður frágangur.
- Traustir verktakar. Byggingarfélagið Bogi ehf.
- Afhending 3. mánuðum eftir kaupsamning.

**Lán til 15 ára á 3% vöxtum.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Verð íbúðar | 32.000.000 | | Afborgun per. mánuð |
| Lán frá íbúðarlánasj. | 20.000.0000.- | mv. 40 ár 5.20% | 99.103* |
| Lán frá verktaka. | 6.000.000.- | mv. 15 ára 3.0 % | 40.597* |
| Afborgun | | | 139.700 kr.* |
| Vaxtabætur | | | 24.766 kr. |
| **Mánaðarleg greiðsla | | | 114.934 kr. |

* Án tilits til verðbólgu. ** Vaxtabætur 297.194.–pr. ár miðast við hjón /par í sambúð

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

domus
FASTEIGNASALA


Linda B. Stefánsd. lögg. fasteignasali Reykjavík



201 Kópavogur
Íbúð 104
Verð: 23,9 millj
Fjöldi herbergja: 3
Stærð: 87,5
Byggingarár: 2005
Annað: Frábær staðsetning

SÖLUSÝNING Í DAG MILLI KL. 16 – 16:30

## Baugakór 19

Glæsileg og vel skipulögð íbúð í nýlegu fjölbýli á fyrstu hæð með sérinngangi af svölum á vinsælum stað í Kópavogi. Húsið er álklætt að utan og því viðhaldslítið. Örstutt í leikskóla, grunnskóla, væntanlegan framhaldsskóla og nýja Íþróttaakademíu.


Elsa Þórólfsdóttir viðskiptastjóri elsa@domus.is sími 664 6013



201 Kópavogur
Verð: 64,9 millj
Fjöldi herbergja: 6
Stærð: 217,7
Byggingarár: 2000
Annað: Skipti á minni eign möguleg

SÖLUSÝNING Í DAG MILLI KL. 15 – 15:30

## Goðasalir 5

Glæsilegt raðhús með innbyggðum bílskúr á góðum stað í Salahverfinu. Húsið er á tveimur hæðum og er allt hið vandaðasta. Á efri hæð er mikil lofthæð með innfelldri halogen lýsingu og útgengi á suður svalir. Stór sólpallur fyrir framan húsið. Fallegur gróinn garður og frábært útsýni. Góð lánakjör í boði.


Halldór Jensson viðskiptastjóri halldor@domus.is sími 840 2100



111 Reykjavík
Bjalla 8F
Verð: 20,9 millj.
Fjöldi herbergja: 2
Stærð: 106,10
Byggingarár: 1974
Annað: Bílskúr

SÖLUSÝNING Í DAG MILLI KL. 17 – 17:30

## Hrafnhólar 6-8

Falleg og rúmgóð íbúð með bílskúr í góðu fjölbýli. Blokkin hefur öll verið tekin í gegn, álklædd að utan, ný lyfta, nýlega búið að drena og nýir gluggar. Yfirbyggðar svalir með gríðarlega fallegu útsýni. Stutt í alla almenna þjónustu.


Halldór Jensson viðskiptastjóri halldor@domus.is sími 840 2100



201 Kópavogur
Verð: 64,9 millj.
Fjöldi herbergja: 6
Stærð: 220,6
Byggingarár: 1998
Annað: Lækkað verð

SÖLUSÝNING Í DAG MILLI KL. 14 – 14:30

## Laxalind 7

Glæsilegt parhús með innbyggðum bílskúr. Húsið er á tveimur hæðum og er allt hið vandaðasta. Innréttingar og skápar úr hlyn. Náttúrusteinn og parket á gólfum. Fallegur garður við húsið, hiti í bílaplani og stór sólpallur. Frábært útsýni. Skipti á minni eign möguleg.


Elsa Þórólfsdóttir viðskiptastjóri elsa@domus.is sími 664 6013



111 Reykjavík
Verð: Tilboð
Fjöldi herbergja: 8
Stærð: 226
Byggingarár: 1973
Annað: Skipti á minni eign möguleg

SÖLUSÝNING Í DAG MILLI KL. 16 – 16:30

## Unufell 7

Glæsilegt raðhús með bílskúr á góðum stað. Eignin skiptist í forstofu, rúmgóða stofu og borðstofu, eldhús, 7 herbergi og baðherbergi. Virkilega gott fjölskylduhús með skjólgóðum suðurgarði með verönd, stutt í skóla, leikskóla og alla almenna þjónustu. Hagstæð lán með 4,15% vöxtum.


Halldór Jensson viðskiptastjóri halldor@domus.is sími 840 2100

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Pétur Þ. Sigurðsson hrl. löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**Fást á yfirtöku á láni ásamt 3 milljónum í reiðufé**
**Parhúsalóðir við Leirvogstungu í Mosfellsbæ**



**Parhúsalóðir við Kvíslartungu 31 og 33 í Leirvogstunguhverfi í Mosfellsbæ.**
Jarðvegspúði er kominn. Allar teikningar fylgja; Arkitektateikningar, Verkfræðiteikningar og Raflagnateikningar. Byggingarleyfisgjöld eru fullgreidd. Hægt er að hefja framkvæmdir strax. Lóðirnar fást á yfirtöku á áhvílandi láni ásamt reiðufé, eftirstöðvar 14.9 milljónir á hvorri lóð. Möguleiki er á að yfirtaka bara aðra lóðina. Skipti koma einnig til greina
**Allar upplýsingar á skrifstofu Fjárfestingar í síma 562-4250 eða 896-8750.**

BORGIR
FASTEIGNASALA
Ármúla 1, sími 588 2030 – fax 588 2033
www.borgir.is borgir@borgir.is



## GOÐALAND - FOSSVOGI

Raðhús á einni hæð á mjög friðsælum stað neðarlega í Fossvogi. Stórar stofur með arni, 3 herbergi og hjónaherbergi með fataherbergi innaf. Mjög stór verönd og góður garður.
Skipti á hæð á svæði 101 kemur til greina. V. 69,0 m.

SKIPTU VIÐ FAGMENN – ÞAÐ BORGAR SIG

## Gullsmári 4 – 200 KÓPAVOGUR




Falleg 4ra herbergja, 86,1 fm íbúð á annarri hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi við Gullsmára í Kópavogi. Íbúðin skiptist í anddyri, innra hol, þrjú herbergi, stofu, baðherbergi, borðstofu, eldhús, búr og sérgeymslu í kjallara. Góð staðsetning, stutt í alla þjónustu. **V. 22,7 m. EIGNIN ER LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX.**

**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 16. NÓV.
FRÁ KL 16:00 TIL 17:00 Í GULLSMÁRA 4.
ÍBÚÐ 202, LÁRA Á BJÖLLU.**

EIGNAMIÐLUN
Mosfellsbæ
Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080 • fax 586 808
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is • Einar Páll Kjærnested, löggiltur fasteignasali

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Drekavellir 23 – Hf. OPIÐ HÚS
**Upplýsingar veittir Þorbjörn Helgi gsm 8960058.**




Hraunhamar kynnir mjög fallegt 213,8 fermetra einbýli á einni hæð þar af er bílskúr 30 fermetrar. Um er að ræða hús úr forsteyptum einingum frá Smellinn Akranesi. Húsið er afar vel staðsett í nálægð við skóla og leikskóla í Vallarhverfi í Hafnarfirði. Eignin skiptist í forstofu, gestasnyrtingu, sjónvarpshol, 4 svefnherbergi, baðherbergi, stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús, geymslu og bílskúr. Húsið er fullbúið að utan með frágenginni lóð að hluta en að innan er búið að einangra húsið , sandsparsla og mála. Hitalögn í gólfi frágengin og vinnuljósarafmagn. Vandaður frágangur aluzink á þaki og harðviður í hurðum. Húsið er tilbúið til afhendingar strax. Öll skipti möguleg.
OPIÐ HÚS VERÐUR SUNNUDAGIN 16/ 11 MILLI KLUKKAN 2-4.

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali






# Jól bóka og tónlistar

NOKKUR ORÐ
**Þórunn Elísabet Bogadóttir**

Síðasta þriðjudagskvöldi var eytt á tónleikum. Þetta voru útgáfutónleikar hjá Sprengjuhöllinni og kannski á örlítið persónulegri nótum en annars hefði verið. Það var að minnsta kosti auðveldara fyrir hljómsveitar-meðlimi að koma skoðunum og hugleiðingum sínum til skila á þriðjudagskvöldi í Íslensku óperunni en það hefði verið á laugardagskvöldi á Airwaves. Og þeir nýttu það stundum. Á milli laga í eitthvert skiptið minntist einn söngvari hljómsveitarinnar á umræðu sem hefur farið fram undanfarið um að listamenn eigi að hafa eitthvað að segja á krepputímum eins og þessum. Þetta er skrýtið, því eins og söngvarinn minntist á hafa listamenn alltaf haft skoðanir, kannski er bara meira hlustað núna.



Mér finnst mikið til í þessu og þetta rifjaðist upp fyrir mér á föstudaginn. Þeim degi eyddi ég nefnilega í að skoða nýútkomin Bókatíðindi.

Í öllu umrótinu var ég nánast búin að gleyma því hvað mér finnst komandi tími skemmtilegur, það er tónlistar- og jólabókaflóðið. Þetta hefur alveg týnst í kreppufréttunum. Í Bókatíðindum er hægt að skoða úrvalið af bókum og ákveða hvað hentar í gjafir og hvaða bækur lenda efst á óskalistanum. Það er nefnilega alveg rétt hjá bókaútgefendunum, það er ekki hægt að kenna bókunum um ástandið og sjaldan hefur verið betri tími til andlegrar uppbyggingar. Allar jólagjafir frá mér verða að minnsta kosti í formi bóka og geisladiska í ár.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**GULLGRAFARI** Tony Bramwell, fyrrum framkvæmdastjóri Bítlanna, segir Yoko Ono hafa splundrað Bítlunum. Hún hafi einnig haft augastað á auðæfum Johns Lennon.

# Vildi segja sannleikann um Yoko

Fyrrverandi framkvæmdastjóri Bítlanna, Tony Bramwell, sendi ekkju Johns Lennon, Yoko Ono, tóninn í ævisögu sinni, Magical Mystery Tour, sem kom út fyrir skemmstu. Ævisagan hefur valdið þó nokkru fjaðrafoki en Bramwell stendur við sitt. Enda eigi aðdáendur Bítlanna rétt á því að heyra sannleikann.

Árum saman hefur Yoko Ono verið sökuð um að hafa splundrað Bítlunum en hún hefur sjálf vísað því bug. Í Magical Mystery Tour er þó tekinn af allur vafi og Bramwell segir Yoko eiga alla sök að máli. Hann gengur jafnvel enn lengra og sakar Yoko um að hafa einungis verið á höttunum eftir peningum hins goðsagnakennda Johns Lennon.

Bramwell hefur lýst því yfir að hann hafi engan áhuga á að munnhöggvast við Yoko og hennar fylgismenn. Hann hafi bara viljað greina frá sinni hlið á málinu. „Ég þarf ekki að grafa neinar stríðsaxir. Mig langaði bara að segja Bítlaaðdáendum frá því hvernig andrúmsloftið breyttist þegar Yoko Ono kom til skjalanna. Allt varð miklu erfiðara og nærvera hennar gerði engum gott,“ segir Bramwell.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Sunnudagur 16. nóvember**

### ➜ Kvikmyndir

**15.00** **Kvikmynd byggð á óperunni Katerína Ismajlova** eftir Dmitrí Shostakovitsj verður sýnd í húsakynnum MÍR, Hverfisgötu 105. Aðgangur ókeypis.

### ➜ Tónleikar

**15.00** **Hlín Pétursdóttir Behrens** sópransöngkona og **Hrefna Eggertsdóttir** píanóleikari verða með tónleika í tónlistarhúsinu Laugarborg í Eyjafjarðarsveit.

**17.00** **Margrét Stefánsdóttir** sópransöngkona, **Jóhann Stefánsson** trompetleikari og **Hilmar Örn Agnarsson** verða með tónleika í Hveragerðiskirkju.

### ➜ Leiklist

**20.00** **GRAL** Grindvíska atvinnuleikhúsið sýnir leikverkið 21 manns saknað í Saltfisksetrinu, Hafnargötu 12a, Grindavík. Nánari upplýsingar á www.gral.blog.is.

**20.00** **Stúdentaleikhúsið** í samvinnu við **Mock Flock** sýnir leikverkið Scarta í sýningarsal í kjallara Norræna húsins. Leikstjóri er Víkingur Kristjánsson.

### ➜ Uppákomur

**Dagskrá á Þjóðminjasafni Íslands við Suðurgötu helguð sýningunni Þjóðin, landið og lýðveldið: Vigfús Sigurgeirsson. Safnið er opið 11-17.**

**15.00** **Inga Lára Baldvinsdóttir**, fagstjóri ljósmynda, leiðir gesti um sýninguna.

**16.00** Sýning á kvikmyndum Vigfúsar sem sýndar voru á heimssýnigunni í New York árið 1939.

**Fjölskylduleiðangur og Listamannaspjall í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Opið kl. 10-17.**

**14.00** **Alma Dís Kristinsdóttir** býður fjölskyldum í leiðangur þar sem skoðuð verða listaverk úr eigu safnsins hjá verslunum og þjónustuaðilum í miðborginni.

**15.00** **Katrín Ólína Pétursdóttir** verður með listamannaspjall þar sem hún fjallar um verk sitt Ugluspegil á sýningunni ID LAB.

### ➜ Dans

**16.00** **Tangóævintýrafélagið** stendur fyrir síðdegistangó á Café Rót, Hafnarstræti 17. Allir velkomnir.

### ➜ Samkomur

**Nonni – Minjasafnið á Akureyri** heldur afmælisveislu til heiðurs Jóni Sveinssyni en hann hefði orðið 151 árs í dag. Aðgangur ókeypis. Opið frá 13-16.

### ➜ Málþing

**14.00** **Listasafn Árnesinga** efnir til málþings um Sigurjón Ólafsson myndhöggvara. Safnið er opið frá kl. 12-18. Nánari upplýsingar: www.listasafnarnesinga.is.

### ➜ Heimildarmyndir

**Alþjóðavika gegn aðskilnaðamúrnum í Palestínu 9-16. nóv.**

**20.00** Félagið Ísland-Palestína sýnir heimildarmyndina The Israeli Wall in Palestinian Land í Friðarhúsinu, Njálsgötu 87.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


Þjóðleikhúsið
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
sun. 16/11, örfá sæti laus
**Síðustu sýningar**

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
sun. 16/11 örfá sæti laus
**Síðasta sýningarhelgi**

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning. ★★★★ JVJ, DV
**Aukasýningar komnar í sölu**

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll. ★★★★ EB, FBL
**Örfá sæti laus í desember**

Sá ljóti
Marius von Mayenburg
Er hægt að vera of fallegur? ★★★★ EB, FBL
**Örfá sæti laus í nóvember**



Kardemommubærinn
Leitin að jólunum
Sýningar komnar í sölu.
Tryggðu þér sæti!

**www.leikhusid.is**



Menntun og nýliðun
í matvæla- og veitingagreinum



**MATVÍS** stendur fyrir ráðstefnu um menntun og nýliðun í matvæla- og veitingagreinum. Fjallað verður um uppbyggingu náms í greinunum, m.a. með hliðsjón af nýjum lögum um framhaldsskóla. Jafnframt verður hugað að nýliðun og sóknarfærum í þeim starfsgreinum sem félagsmenn í MATVÍS tilheyra.

Meðal annars verður fjallað um eftirfarandi spurningar:
- **Hvaða áhrif hafa ný lög um framhaldsskóla?**
- **Hvaða afleiðingar hefur atvinnuástandið á þessar greinar?**
- **Skapast ný tækifæri til nýliðunar í ljósi ástandsins?**
- **Hvaða hlutverki gegnir meistarakerfið í framtíðinni?**

Dagskrá

**Setning:** **Þorsteinn Gunnarsson**, varaformaður MATVÍS

**Ávörp frummælenda**

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, menntamálaráðherra
*Áhrif nýrra framhaldsskólalaga*

**Jón Torfi Jónasson**, forseti Menntavísindasviðs HÍ
*Er meistarakerfið barn síns tíma?*
*Ný lög – nýir tímar*

**Baldur Sæmundsson**, áfangastjóri í Hótel- og matvælaskólanum
*Skólanám – vinnustaðanám*

**Friðrik V. Karlsson**, veitingamaður
*Eru ný tækifæri framundan?*

**Jóhannes Felixson**, bakarameistari
*Atvinnuástandið*

**Níels S. Olgeirsson**, formaður MATVÍS
*Framtíð meistarakerfisins*

**- Kaffihlé -**

Pallborðsumræður og spurningar úr sal, með þátttöku frummælenda.

Stutt samantekt, **Ólafur Jónsson**, Matvæla- og veitingasviði Iðnunar, fræðsluseturs

Ráðstefnustjóri: **Margrét Friðriksdóttir**, skólameistari Menntaskólans í Kópavogi

Ráðstefnan, sem er öllum opin, verður í Hvammi, Grand Hótel Reykjavík, **þriðjudaginn 18. nóvember** og hefst kl. 14:00. Aðgangur ókeypis

M MATVÍS

# Magnaður árangur

James Hetfield, söngvari og gítarleikari Metallica, er gríðarlega sáttur við viðtökurnar við nýjustu plötu sveitarinnar, Death Magnetic, sem fór beint á toppinn víða um heim er hún kom út.

„Við keyptum okkur fullt af dópi og bílum,“ sagði hann í gríni við tímaritið Rolling Stone, spurður hvað þeir gerðu til að halda upp á árangurinn. „Nei, við horfðum bara hver á annan, forviða og sögðum: „Magnað!“,“ sagði Hetfield. „Fyrir tveimur árum vorum við að öskra hver á annan og bandið var í rúst en sjáið hvað hefur gerst,“ sagði hann. „Þetta er súrrealískt og að ég skuli vera hérna bláedrú gerir þetta enn þá sætara.“

Áður en Metallica hóf níu mánaða tónleikaferð sína til að fylgja nýju plötunni eftir fór Hetfield í meðferð í Glendale í Arizona. Hefur hann lengi átt við áfengisvandamál að stríða, sem hann vonast nú til að hafa loksins unnið bug á.



**JAMES HETFIELD** Hetfield á tónleikum Metallica í Egilshöll fyrir fjórum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Grínkóngur á Hólmavík

**Þorsteinn Guðmundsson grínari leggur land undir fót um helgina og heimsækir Hólmavík. Hann þurfti að gúggla Hólmavík til að vita hvert hann væri að fara.**

Þjóðfræðistofa, í samstarfi við Háskóla Íslands, stendur fyrir skemmtun og málþingi um húmor nú um helgina. Málþingið fer fram á Hólmavík og bæði innlendir og erlendir fræðimenn og gamanleikarar munu stíga á stokk. Einn þeirra er Þorsteinn Guðmundsson.

„Ég gúgglaði Hólmavík enda hef ég aldrei komið þarna áður,“ segir hann. „Það er alltaf gaman að koma á svona staði, láta sjá sig í sjoppunni með speglasólgleraugun og fá sér rækjusamloku. Labba svo um bæinn eins og einhver spjátrungur og þykjast ekki sjá neinn. Þarna er ég kóngurinn.“

Á málþinginu á að varpa ljósi á nýjustu rannsóknir á húmor og hlutverk hans, til dæmis í munnlegri hefð, fjölmiðlum, söfnum og í samskiptum fólks af ólíku þjóðerni. Eða svo segir í fréttatilkynningunni. „Ég verð nú bara tilraunadýr og ætla að skemmta. Ég spurði þá sem sjá um þetta hvort það væru húmoristar, en nei, þeir sögðust vera fræðimenn um húmor. Ég veit ekki alveg við hverju er að búast. Þetta verður samt örugglega skemmtilegt. Fólkið úr sveitinni ætlar að vera með brandarakeppni og allt mögulegt.“



**KREPPAN ER EKKI SÁLARKREPPA** Þorsteinn Guðmundsson verður á grínráðstefnu á Hólmavík um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kreppan kemur vitanlega við Þorstein eins og aðra. „Ég fékk alveg sama áfallið og aðrir þótt ég sé grínisti,“ segir hann. „Maður er með reikninga eins og aðrir. Þeir geta tekið af mér bílinn og húsið en ég ætla samt ekki að skipta um karakter fyrir þetta lið.“

Þorsteinn vill að listamenn opni sig meira um ástandið. Hann er ánægður með framlag Spaugstofunnar en vill sjá alla hina grínistana leggja til málanna líka.

„Við þurfum allir að láta heyra í okkur,“ segir Þorsteinn. „Og það er alveg óþarfi að vera í einhverri sálarkreppu. Þetta er ekki sálarkreppa þessi kreppa.“

drgunni@frettabladid.is


Nýtt í bíó — LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




500 kr í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TRAITOR | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 2, 5, 7.30 og 10 - POWER | 12 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 10 | 12 |
| LUKKU LÁKI - ÍSLENSKT TAL | kl. 2 og 4 | L |
| MAMMA MIA - ATH 500kr. | kl. 2, 4, 6 og 8 | L |







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PASSENGERS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| PASSENGERS | kl. 2 - 8 - 10:20 | VIP |
| HOW TO LOSE FRIENDS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 12 - 2 - 4 - 6 DIGITAL-3D | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL | kl. 1 - 2 - 3:30 - 5 - 6 - 8:30 | L |
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 5:40 | VIP |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 3:40 Síð sýn | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 12 - 1:50 - 3:40 | L |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PASSENGERS | kl. 3:40 - 5:50 - 8:20 - 10:30 | 12 |
| BODY OF LIES Forsýning | kl. 10:20 | 16 |
| RESCUE DAWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 2 - 4 DIGITAL-3D | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 1:40 - 3:50 - 6 DIGITAL | L |
| SEX DRIVE | kl. 8:20 | 12 |
| JOURNEY 3D | kl. 6 DIGITAL-3D | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 1:40 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| JAMES BOND | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| BODY OF LIES Forsýning | kl. 10:20 | 16 |
| THE WOMEN | kl. 5:50 | L |
| MAX PAYNE | kl. 8 | 16 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| SKJALDB... m/ísl. tali | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 2 - 4 - 8 | L |
| HOW TO LOSE FRIENDS | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BODY OF LIES Forsýning | kl. 10:20 | 16 |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BODY OF LIES Forsýning | kl. 10:20 | 16 |
| JAMES BOND | kl. 3:40 - 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL | kl. 1:30 - 5:50 | L |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 8 | 14 |
| SKJALDB... m/ísl. tali | kl. 2 | L |
| JOURNEY | kl. 4 | L |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 1 - 2.30 - 3.30 - 5 - 6 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 8 - 9 - 10.30 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE LÚXUS | kl. 2.30 - 5 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUARANTINE | kl. 10.10 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 1 - 3 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 1 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| TRAITOR | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 10.15 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 3.30 - 5.50 - 8 | L |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 4 - 5.30 - 7 - 8.30 - 10 | 12 |
| THE WOMEN | kl. 3 - 5.30 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | L |
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10.15 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.30 | 16 |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.30 | L |
| | | L |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 9 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 10.10* | 12 |
| MAKE IT HAPPEN | kl. 4 - 6 | L |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 2 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 2 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

*KRAFTSÝNING

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ




50% AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR Í SMÁRABÍÓ MILLI 12.30 OG 13.00 LAUGARDAG OG SUNNUDAG




LAUGARÁS BÍÓ 500 kr. Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SparBíó laugardag og sunnudag SAMbio.is SAMBÍÓIN




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 kl. 1 í Álfabakka, kl. 1.40 í Kringlunni, kl. 1.30 á Self og í kefl., kl. 2 á Ak | FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D kl. 12 í Álfabakka, | NIGHTS IN RODANTE kl. 3.40 í Álfabakka, | WALL-E ísl. tal. kl. 1.30 í Álfabakka | GEIMAPARNIR ísl tal kl. 12 í Álfabakka kl. 1.40 í kringlunni kl. 2 á Akureyri | JOURNEY 3D kl. 6 í Kringlunni (3D-kr 850) kl. 4 í Keflavík (kr. 550) |


LEIKSTJÓRN / FRAMLEIÐSLA
SKAPANDI TÆKNIVINNA
HANDRIT / LEIKSTJÓRN
LEIKLIST / FRAMKOMUFRÆÐI
Viðurkennt tveggja ára nám á framhaldsskólastigi.
Námið er lánshæft að fullu hjá LÍN.
Námið er 80% verklegt og leiðbeinendur eru
starfandi íslenskir kvikmyndagerðarmenn.
SKRÁNING STENDUR YFIR!
Kvikmyndaskóli Íslands er skemmtilegur
og krefjandi skóli sem menntar fólk
til skapandi starfa.
Education and Culture DG
Lifelong Learning Programme
www.kvikmyndaskoli.is
KVIKMYNDASKÓLI
ÍSLANDS
ÍSLENSKA SIA.IS KVI 44059 11/08

## > Frábær sigur hjá Helenu og félögum

Helena Sverrisdóttir átti mjög góðan leik þegar TCU kom á óvart með því að vinna 80-68 sigur á Maryland í opnunarleik bandaríska háskólatímabilsins í fyrrinótt. Maryland er talið vera með þriðja besta lið landsins. Helena var með 18 stig, 7 stoðsendingar og 4 fráköst auk þess að hitta úr 3 af 5 þriggja stiga skotum sínum. Helena var allt í öllu þegar TCU komst í 11-0 í upphafi leiks en hún skoraði 3 stig og gaf 3 stoðsendingar á þessum fyrstu þremur mínútum leiksins. Þess má geta að foreldrar Helenu eru í heimsókn í Fort Worth og það hafi greinilega góð áhrif á Helenu sem fékk nú að byrja leikinn sem leikstjórnandi og svaraði því með 15 stigum og 5 stoðsendingum í fyrri hálfleik.



**sport**

sport@frettabla-

**ÞÓRUNN HELGA JÓNSDÓTTIR:** SPILAR FÓTBOLTA MEÐ BRASILÍSKA LIÐINU SANTOS FRAM AÐ JÓLUM

# *Enginn veit hvað er inni í skápnum hans Pelé*

Keppnistímabilið er ekki búið hjá knattspyrnukonunni Þórunni Helgu Jónsdóttur, sem spilar þessa daganna með brasilíska liðinu Santos. „Ég hafði ekki mikinn tíma til að hugsa mig um þar sem ég þurfti að senda afrit af vegabréfi, fæðingarvottorði og fleiru út samdægurs og vera komin út sem allra fyrst. Tveimur dögum seinna, eftir nokkur hundruð tölvupósta, var ég komin upp í flugvél á leið til Boston," segir Þórunn. „Fjölskyldan tók vel í þessa skyndiákvörðun og hjálpaði mér mikið að láta verða af þessu. Pabbi bjó sjálfur í Brasilíu í nokkur ár þegar hann var yngri og talaði vel um land og þjóð. Sjálf hafði ég aldrei komið til Suður-Ameríku, svo að þetta var mikið ævintýri," segir Þórunn.

„Aðstæður eru ólíkar því sem ég er vön á Íslandi og í Bandaríkjunum. Æfingavellirnir eru þurrir og moldugir, en stelpurnar hér virðast alvanar því. Ég bý í húsi með nánast öllum stelpunum í liðinu. Við erum 4-6 stelpur saman í herbergi og liðið er mjög samrýnt. Við æfum 1-2 sinnum á dag, lyftingar um morguninn og fótboltaæfing um



eftirmiðdaginn. Talsvert er gert af því að æfa í sandinum á ströndinni og það er alveg ný reynsla," segir Þórunn, en þjálfarinn talar ekki ensku. „Ein stelpan í liðinu talar ensku og hefur því þýtt skilaboð þjálfarans fyrir mig. Æfingarnar eru mjög góðar og ég tel öruggt að ég geti bætt mig hérna. Það tekur örugglega meira en sex vikur að tileinka sér leikstílinn hér að fullu, en maður gerir það sem maður getur á þeim tíma sem maður hefur. Eins og er er stefnan bara að klára þessi tvö mót, sem lýkur fyrir jól. Mér líkar hins vegar rosalega vel hérna og gæti alveg hugsað mér að koma aftur," segir Þórunn, sem er að spila fyrir gamla félagið hans Pelé. „Ég bý beint á móti Santos-leikvanginum sem er nokkuð glæsilegur. Þetta er mjög stór klúbbur hér í Brasilíu með mikla sögu. Fyrsta daginn var ég tekin í skoðunarferð um leikvanginn og saga félagsins kynnt fyrir mér. Meðal annars var mér sýndur búningsklefi karlaliðsins þar sem skápur Pelé, nr. 10, er eini læsti skápurinn í klefanum. Eftir síðasta leikinn sinn með félaginu eftir sautján ár læsti hann skápnum og tók lykilinn með sér. Enginn veit hvað er inni í honum," sagði Þórunn að lokum.

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Enska úrvalsdeildin*

ARSENAL-ASTON VILLA 0-2
0-1 Gael Clichy (sjm.) (70.) 0-2 Gabriel Agbonlahor (79.).
BLACKBURN-SUNDERLAND 1-2
1-0 Cristopher Samba (45 + 2), 1-1 Kenwyne Jones (48.), 1-2 Djibril Cisse (71.).
BOLTON-LIVERPOOL 0-2
0-1 Dirk Kuyt (27.), 0-2 Steven Gerrard (72.).
FULHAM-TOTTENHAM 2-1
1-0 Simon Davies (32.), 2-0 Andy Johnson (69.), 2-1 Fraizer Campbell (80.).
MAN.UNITED-STOKE 5-0
1-0 Cristiano Ronaldo (3.), 2-0 Michael Carrick (45.), 3-0 Dimitar Berbatov (48.), 4-0 Danny Welbeck (83.), 5-0 Cristiano Ronaldo (88.).
NEWCASTLE-WIGAN 2-2
0-1 Ryan Taylor (2.), 1-1 Michael Owen (79.), 2-1 Obafemi Martins (86.), 2-2 Titus Bramble (88.)
WEST HAM-PORTSMOUTH 0-0
WEST BROM-CHELSEA 0-3
0-1 José Bosingwa (34.), 0-2 Nicolas Anelka (38.), 0-3 Nicolas Anelka (45.).

**STAÐAN Á TOPPNUM**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **13** | **10** | **2** | **1** | **32-4** | **32** |
| Liverpool | 13 | 10 | 2 | 1 | 21-8 | 32 |
| **Man. Utd** | **12** | **7** | **3** | **2** | **25-10** | **24** |
| Arsenal | 13 | 7 | 2 | 4 | 25-15 | 23 |
| **Aston Villa** | **13** | **7** | **2** | **4** | **22-16** | **23** |

### *Meistaradeildin í handbolta*

Zaporozhye-Haukar 26-15 (12-8)
Kári Kristjánsson 5, Einar Örn Jónsson 4, Freyr Brynjarsson 3, Pétur Pálsson 1, Stefán Rafn Sigurmannsson 1, Andri Stefan1. Birkir Ívar Guðmundsson varði 20 skot.
FCK -Rauða Stjarnan 38-22 (17-12)
Arnór Atlason 5 og Guðlaugur Arnarsson 1.

### *Þýski handboltinn*

Dormagen-Gummersbach 28-28
Róbert Gunnarsson skoraði 3 mörk.
Rhein-Neckar Löwen-Stralsunder 33-24
Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 13/7 mörk.
Grosswallstadt-Balingen-Weilstetten 28-22
Einar Hólmgeirsson skoraði 2 mörk.

# Aston Villa vann Arsenal

**Chelsea og Liverpool eru áfram hlið við hlið á toppnum. Cristiano Ronaldo skoraði tvisvar beint úr aukaspyrnu í stórsigri Manchester United á Stoke.**

**FÓTBOLTI** Chelsea og Liverpool halda áfram stöðu sinni á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir örugga sigra í gær en Manchester United komst aftur upp fyrir Arsenal í 3. sætið eftir öruggan sigur á Stoke en Arsenal tapaði fyrir Aston Villa á heimavelli. Harry Redknapp þurfti að sætta sig við fyrsta tapið sem stjóri Tottenham þegar liðið lá 2-1 fyrir Fulham á útivelli.

Nicolas Anelka er kominn með fjögurra marka forystu á listanum yfir markahæstu menn eftir að hann skoraði tvö mörk í 3-0 sigri Chelsea á botnliði West Brom. Öll mörk Chelsea komu í fyrri hálfleiknum. Anelka hefur nú skorað 12 mörk í 13 leikjum og er með fjögurra marka forustu á þá Amr Zaki og Cristiano Ronaldo.

Liverpool komst í toppsætið í nokkra klukkutíma eftir sannfærandi 2-0 sigur á Bolton. Bæði mörkin voru skallamörk. Það fyrra skoraði Dirk Kuyt eftir sendingu Fabios Aurelio en Fernando Torres lagði upp það síðara fyrir Steven Gerrard. „Við lögðum allt í sölurnar, fengum tvö frábær færi og skoruðum löglegt mark sem var dæmt af en klaufaleg mistök kostuðu okkur tvö mörk og þá varð ekki aftur snúið," sagði Gary Megson, stjóri Bolton.

Cristiano Ronaldo skoraði hundraðasta markið sitt fyrir United með stæl þegar hann kom liðinu í 1-0 með marki beint úr aukaspyrnu eftir aðeins tveggja mínútna leik á móti Stoke. United bætti við fjórum mörkum í 5-0 sigri, Ronaldo skoraði annað mark beint úr aukaspyrnu og sautján ára gamall nýliði, Danny Welbeck, skoraði í sínum fyrsta leik.

Arsenal tapaði á sama tíma 0-2 fyrir Aston Villa á heimavelli, sem þýddi að Manchester United endurheimti þriðja sætið sem Arsenal komst í með sigri í leik liðanna um síðustu helgi. Fyrra mark Aston Villa var sjálfsmark Gaels Clichy en Manuel Almunia, markvörður Arsenal, hafði áður varið vítaspyrnu frá Ashley Young.

„Þetta var slæmur leikur og Aston Villa var betra liðið. Það er pirrandi að við spiluðum ekki á okkar hraða í dag. Við getum spilað mjög vel en þurfum að sýna meiri stöðugleika til að eiga möguleika í toppbaráttunni. Þetta voru mikil vonbrigði eftir sigurleikinn á móti United," sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal. „Við vorum frábærir frá upphafi til enda," sagði Martin O'Neill, stjóri Aston Villa.

**ooj@frettabladid.is**



**MARKAHÆSTUR** Nicolas Anelka raðar inn mörkum fyrir Chelsea þessa dagana og er kominn með tólf mörk í deildinni. NORDICPHOTOS/GETTY

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *N1-deild kvenna í handb.*

Stjarnan-Haukar 23-27 (13-14)
**Mörk Stjörnunnar (skot):** Alina Petrache 8/3 (18/3), Solveig Lára Kjærnested 6 (10), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4 (5), Þorgerður Anna Atladóttir 3 (5), Birgit Engl 1 (6), Harpa Sif Eyjólfsdóttir 1 (7).
**Varin skot:** Florentina Stanciu 18 (45/2, 40%)
**Mörk Hauka (skot):** Hanna Guðrún Stefánsdóttir 10/2 (13/3), Ramune Pekarskyte 8 (18), Erna Þráinsdóttir 5 (9), Nína Björk Arnfinnsdóttir 2 (3), Nína Kristín Björnsdóttir 2 (11).
**Varin skot:** Guðrún Bryndís Jónsdóttir 13 (35/2, 37%), Heiða Ingólfsdóttir 0 (1/1),
Fram-HK 44-35 (18-14)
**Mörk Fram:** Stella Sigurðardóttir 14, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 7, Þórey Rósa Stefánsdóttir 6, Pavla Nevarilova 5, Sara Sigurðardóttir 4, Marthe Sördal 3, Ásta Birna Gunnarsd. 3, Hildur Knútsdóttir 2.
**Mörk HK:** Jóna Sigríður Halldórsdóttir 11, Elísa Ósk Viðarsdóttir 6, Pavla Plaminkova 5, Brynja Magnúsdóttir 4, Arna Sif Pálsdóttir 3, Lilja Lind Pálsdóttir 2, Elín Anna Baldursdóttir 2, Tinna Rögnvaldsdóttir 1, Elva Björg Arnarsdóttir 1.
FH-Grótta 27-26 (14-13)
**Mörk FH:** Hafdís Inga Hinriksdóttir 6, Guðrún Helga Tryggvadóttir 4, Hildur Þorgeirsdóttir 4, Gunnur Sveinsdóttir 4, Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 3, Ásdís Sigurðardóttir 3, Sigrún Gilsdóttir 2, Ingibjörg Pálmadóttir 1.
**Mörk Gróttu:** Laufey Ásta Guðmundsdóttir 9, Karólína Bæhrenz 7, Ragna Karen Sigurðardóttir 3, Harpa Baldursdóttir 3, Anett Köbli 2, Elsa Rut Óðinsdóttir 1, Kristín Þórðardóttir 1.
Valur-Fylkir 29-20 (13-9)
**Mörk Vals:** Drífa Skúladóttir 4, Guðrún Hólmgeirsd. 4, Dagný Skúlad. 4, Ágústa Edda Björns dóttir 4, Hrafnhildur Skúladóttir 3, Íris Ásta Pétursd.3, Kristín Guðmundsd.2, Hildigunnur Einarsdóttir 2, Eva Barna 2, Hafrún Kristjánsd. 1.
**Mörk Fylkis:** Nataly Valencia 5, Sunna María Einarsdóttir 4, Rebekka Rut Skúladóttir 3, Elín Helga Jónsdóttir 3, Sunna Jónsdóttir 3, Hanna Rut Sigurjónsdóttir 1, Kristín Kara Collins 1.





Ákveðið hefur verið að veita styrk úr Þórsteinssjóði á árinu 2008. Áætlað er að úthlutun fari fram 3. desember 2008 við hátíðlega athöfn í Háskóla Íslands.

Tilgangur Þórsteinssjóðs er í fyrsta lagi að **styrkja blinda og sjónskerta til náms við Háskóla Íslands**. Í öðru lagi er markmið sjóðsins að **efla rannsóknir** á fræðasviðum sem aukið geta þekkingu á **blindu og skertri sýn**, einkum í félags- og hugvísindum.

Í ár verða veittir námsstyrkir til blindra og sjónskertra stúdenta sem stunda nám eða hyggja á nám við Háskóla Íslands. Styrkurinn er fyrir háskólaárið 2009-2010. Heildarfjárhæð úthlutaðra styrkja er kr. 1.000.000.

Umsóknarfrestur er til 25. nóvember 2008. Umsóknum skal skila sem viðhengi á netfang Styrktarsjóða Háskóla Íslands: ingaein@hi.is .

Frekari upplýsingar um styrkveitingu og úthlutun er að finna á vefslóðinni:
**http://www.hi.is/is/skolinn/styrktarsjodir**

Einnig hjá Ingibjörgu Einarsdóttur, verkefnisstjóra:
**ingaein@hi.is**, sími 525-4000.

Þórsteinssjóður var stofnaður við Háskóla Íslands 6. desember 2006 af Blindravinafélagi Íslands, til minningar um Þórstein Bjarnason, stofnanda Blindravinafélagsins. Tilgangur Þórsteinssjóðs helgast af æviverki Þórsteins að efla líf blindra og sjónskertra á Íslandi.


Stjörnukonur skoruðu ekki í tíu mínútur á lokakaflanum og misstu toppsætið til Haukanna:

# Fyrsta tap Stjörnunnar í vetur

**HANDBOLTI** Haukakonur tóku toppsætið af Stjörnunni með sannfærandi 27-23 útisigri á Íslandsmeisturunum í Mýrinni í gær. Stjarnan var búin að vinna alla sjö leiki tímabilsins og alls 23 leiki í röð en átti fá svör í seinni hálfleik þegar Haukaliðið lokaði vörninni.

„Ég er hrikalega ánægð með þetta. Við vorum búnar að undirbúa okkur rosalega vel fyrir þennan leik og þær áttu bara ekki möguleika í dag," sagði Hanna Guðrún Stefánsdóttir, fyrirliði Hauka, eftir leik. Haukaliðið tapaði fyrsta leik tímabilsins á móti Stjörnunni en er síðan búið að vinna sjö leiki í röð og öll lið deildarinnar í einum rykk. Hanna er þó ekki farin að stefna á titilinn. „Stefnan okkar í haust var að vera meðal þeirra fjögurra efstu og það hefur ekkert breyst," segir Hanna.

Haukarnir fagna því að Erna Þráinsdóttir er orðin góð af meiðslunum. Erna byrjaði á bekknum en kom sterk inn í leikinn og skoraði meðal annars innan við þrjátíu sekúndum eftir að hún kom inn á.

„Þetta er var mjög gott. Það er gaman að fara í tveggja vikna pásu í fyrsta sæti," segir Díana Guðjónsdóttir, þjálfari Hauka, sem var í óvissu fyrir leikinn vegna veikinda stórskyttunnar Ramune Pekarskyte.

„Það hefur háð okkur þessa viku að Ramune er fárveik. Hún spilaði ÍR-leikinn en ég hafði ekki séð hana síðan. Ég fékk tilkynningu um það í gær að hún yrði ekki með en svo hringdi hún í morgun og sagði: Ég verð að fá að spila. Ég gaf það eftir en hún fer í smá pásu núna enda er hún algjörlega búin eftir þetta," sagði Díana en Ramune var með 8 mörk og 6 varin skot í hávörn í leiknum þrátt fyrir að hún hafi þó gert fleiri mistök en vanalega.

Stjarnan komst fimm sinnum einu marki yfir á fyrstu 14 mínútum leiksins en eftir það var liðið alltaf að elta Haukana sem náðu nokkrum sinnum þriggja og fjögurra marka forskoti þar til að Haukavörnin lokaði öllum leiðum. Stjarnan skoraði ekki í tæpar tíu mínútur, Haukarnir skoruðu fjögur mörk í röð, komust 27-21 yfir og lögðu grunninn að sigrinum.

„Haukarnir spiluðu góðan varnarleik og voru bara betri en við í dag. Við gerðum þeim þetta samt auðvelt fyrir með slökum skotum," sagði Atli Hilmarsson, þjálfari Stjörnunnar, eftir leikinn.

„Stelpurnar læra af þessu en liðið er búið að vera í ströggli í fleiri leikjum. Við unnum heppnissigur á FH með einu marki og vorum ekki sannfærandi á móti HK. Nú þurfa stelpurnar bara að sýna úr hverju þær eru gerðar og halda áfram," segir Atli. **- óój**



**LÉK VEIK** Ramune Pekarskyte var erfið við að eiga þrátt fyrir veikindi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## > Sean Penn

„Það er alltaf verið að hampa miðlungsgóðum kvikmyndum á sama tíma og stórkostlegar kvikmyndir eru algjörlega hundsaðar. Það er ástæðan fyrir því að ekki eru gerðar eins margar góðar kvikmyndir.“ Penn fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni All the King's Men sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR SEGIR PENINGUM VEL VARIÐ

# *Dýrasta fólk í heimi syngur með*

Nú skal vikið að sannkölluðu tímamótaverki í sögu tónlistarmyndbananna; því ógurlega fegurðarsvalli sem fylgir laginu Freedom'90 með glaumgosanum George Michael. Myndbandið er athyglisvert fyrir þær sakir að í því gerir Michael upp nýliðna fortíð sína á nánast átakanlegan hátt. Það er sérlega myndbandið við lagið Faith, sem kom honum reyndar á kortið á sínum tíma sem sólólistamanni, sem fær á baukinn í myndbandinu við Freedom'90, og ljóst á öllu að Michael hefur þótt töffara-stuðbolta-ímyndarsköpunin sem fór fram á Faith-tímabilinu gefa kolranga mynd af sér. Með Freedom'90 vill hann sumsé leiðrétta leiðan misskilning varðandi orðstír sinn og árétta stöðu sína sem alvörugefinn, metnaðarfullur og vellauðugur listamaður.



Besta leiðin til að koma þessum atriðum til skila á skýran hátt er að sýna ekki eigið andlit í hinum lágkúrulega tónlistarmyndbandamiðli, heldur að ráða í staðinn hæstlaunuðu ofurfyrirsætur heims til þess að spranga fáklæddar um í manns stað. Tákn gamalla listsköpunartímabila Micaels, svo sem glymskratti, leðurjakki og gítar sem öll komu fyrir í myndbandinu við Faith nokkrum árum áður, fuðra upp í eldhafi og sprengingum, en blessunarlega sakar ofurfyrirsæturnar ekki. Myndbandið var það dýrasta sem framleitt hafði verið fyrir átján árum síðan og tók fólk andköf yfir glæsilegri og áferðarfallegri útkomunni.

Enda er einna merkilegast við myndbandið, nú árið 2008, að sjá hversu vel það hefur elst. Það sem helst kemur upp um aldur þess er heljarinnar hljómflutningstækjaflykki sem hefur væntanlega verið hámóðins fyrir átján árum, en þykir heldur stórt í dag. Ofurfyrirsæturnar eru afturámóti enn með glæsilegri fulltrúum mannkyns og ljóst að í þeirra tilfellum var peningum George Michael vel varið í yfirburða gæðavöru.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.30** Dagvaktin STÖÐ 2



▶ **21.45** Sommer SJÓVARPIÐ



▶ **21.50** Jacksonville - Tennessee, BEINT STÖÐ 2 SPORT



▶ **22.00** Kenny vs. Spenny STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.40** Sugar Rush, NÝTT SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Gló magnaða, Frumskógar Goggi og Sigga ligga lá.

**10.35 Júlía** (1:4) Dönsk þáttaröð (e)

**11.05 Gott kvöld** (e)

**12.00 Viðtalið** (e)

**12.30 Silfur Egils** Umræðu- og viðtalsþáttur Egils Helgasonar um pólitík, dægurmál og það sem efst er á baugi.

**13.50 Mótmælafundur á Austurvelli** Upptaka frá mótmælafundi á laugardegi.

**15.10 Líf með köldu blóði** (3:5) (e)

**16.00 Hver var Jónas?** (e)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Risto** (11:13) (e)

**17.35 Enginn draugur**

**17.50 Risto** (12:13) (e)

**18.00 Stundin okkar**

**18.30 Spaugstofan** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.40 Edduverðlaunin 2008** Bein útsending frá íslensku kvikmynda- og sjónvarpsverðlaunanna í Háskólabíói.

▶**21.45 Sommer** (Sommer) (3:10) Danskur myndaflokkur. Christian og Sophia fara í viðtal á sjúkrahúsinu og Christian fær sjúkdómsgreiningu sem hefur áhrif á líf allra í fjölskyldunni.

**22.45 Hringiða** (Engrenages) (7:8) Franskur sakamálamyndaflokkur.

**23.35 Silfur Egils** (e)

**00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Fantastic Voyage**

**10.00 Night at the Museum**

**12.00 RV**

**14.00 In Good Company**

**16.00 Fantastic Voyage**

**18.00 Night at the Museum**

**20.00 RV**

**22.00 All the King's Men** Bandarísk mynd um stjórnmálamanninn Willie Stark sem með klækjum varð ríkisstjóri og fórnaði þar með heilindum sínum

**00.05 The Bone Collector**

**02.00 Prey for Rock and Roll**

**04.00 All the King's Men**

**06.00 So I Married an Axe Murderer**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Kalli á þakinu og Litla risaeðlan.

**08.05 Algjör Sveppi** Lalli, Doddi litli og Eyrnastór, Fífí, Svampur Sveinsson, Áfram Diego Afram! og Könnuðurinn Dóra.

**10.00 Kicking and Screaming**

**11.30 Latibær** (14:18)

**12.00 Sjálfstætt fólk**

**12.35 Neighbours**

**12.55 Neighbours**

**13.15 Neighbours**

**13.35 Neighbours**

**13.55 Neighbours**

**14.20 Chuck** (11:13)

**15.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (4:10)

**15.45 Logi í beinni**

**16.30 The Daily Show. Global Edition**

**16.55 Oprah**

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Veður**

**19.10 Mannamál**

**19.55 Sjálfstætt fólk** (9:40)

▶**20.30 Dagvaktin** (9:12) Lögreglan mætir á svæðið og Georg heldur áfram að spinna lygavef á meðan Daníel kvelst úr sektarkennd. Eftir að Ólafur hefur verið rekinn frá Bjarkalundi leggur hann sig allan fram við að selja ferðagufubaðið með misjöfnum árangri og á meðan tekur vinátta Georgs og Óðins óvænta stefnu.

**21.05 Numbers** Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri er varðstjóri hjá FBI en sá yngri er stærðfræðiséni sem hefur fundið leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.

**21.50 Fringe** (6:22) Olivia Dunham alríkisfulltrúi og vísindamaðurinn Peter Bishop þurfa að sameina krafta sína við að útskýra röð af óútskýrðum fyrirbærum sem ógna mannkyninu áður en það verður of seint.

**22.40 60 mínútur**

**23.25 Prison Break** (7:22)

**00.10 Journeyman** (5:13)

**00.55 Mannamál**

**01.40 De-Lovely**

**03.40 Numbers**

**04.25 Fringe** (6:22)

**05.10 Dagvaktin** (9:12)

**05.40 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**08.55 Enski deildarbikarinn** Útsending frá leik Tottenham og Liverpool í enska deildarbikarnum.

**10.35 Spænski boltinn** Útsending frá leik Valladolid og Real Madrid.

**12.15 Spænski boltinn** Útsending frá leik Valencia og Sporting.

**13.55 Augusta Masters 2008** Útsending frá lokadegi Augusta Masters-mótsins í golfi.

**18.10 Spænski boltinn** Fréttaþáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir. Leikir helgarinnar skoðaðir og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**18.40 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.

**19.20 NFL deildin** Magnaður þáttur þar sem hver umferð í NFL-deildinni er skoðuð. Þeir Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.

**19.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Recreativo og Barcelona í spænska boltanum.

▶**21.50 NFL deildin** Bein útsending frá leik Jacksonville og Tennessee í NFL-deildinni.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik West Ham og Portsmouth.

**10.40 PL Classic Matches** Blackburn - Sheffield, 1997.

**11.10 PL Classic Matches** Bradford - Watford, 1999.

**11.40 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**12.10 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.

**13.20 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Everton og Middlesbrough.

**15.20 PL Classic Matches** Everton - Leeds, 1999.

**15.50 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Hull City og Man. City.

**18.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik WBA og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

**19.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Bolton og Liverpool.

**21.20 4 4 2**

**22.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. Utd og Stoke.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**13.40 Vörutorg**

**14.40 Dr. Phil** (e)

**15.25 Dr. Phil** (e)

**16.10 What I Like About You** (e)

**16.40 Frasier** (17:24) (e)

**17.05 Innlit / Útlit** (8:14) (e)

**17.55 How to Look Good Naked** (8:8)

**18.45 Singing Bee** (9:11) (e)

**19.45 America's Funniest Home Videos** (25:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.10 Robin Hood** (13:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku. Það er komið að lokaþættinum að sinni og nú þarf Hrói að bjarga Marion, konunginum og Englandi. Fógetinn og Gisborne eru í landinu helga með ráðagerð til að myrða Ríkharð konung en Hrói og útlagarnir eru einnig á staðnum og neita að gefast upp.

**21.00 Law & Order. Special Victims Unit** (14:22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Lögfræðingur með mafíutengsl verður fyrir hrottalegri árás og uppdópuð dóttir hans er í vondum félagsskap. Stabler er borinn þungum sökum og framtíð hans í lögreglunni er í hættu.

**21.50 Dexter** (1:12) Þriðja þáttaröðin um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgan sem drepur bara þá sem eiga það skilið.

▶**22.40 Sugar Rush** (1:10) Bresk þáttaröð um samkynhneigða unglingsstúlku og þá erfiðleika sem fylgja því að vera ung, gröð og lesbísk í nútímasamfélagi. Þættirnir voru tilnefndir til BAFTA verðlauna 2007 sem besta dramatíska þáttaröðin í Bretlandi.

**23.10 Jay Leno** (e)

**00.00 Vörutorg**

**01.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku** Endurtekið á klst. fresti.

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Gestahús til sölu

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, hefur til sölu fjögur gestahús sem smíðuð hafa verið af nemendum. Húsin eru t.d. tilvalin fyrir ferðaþjónustuaðila enda sambærileg mörgum húsum sem eru í notkun í dag.



Við eigum **þrjú hús sem eru c.a. 15 m2**. Húsin afhendast um áramót fullbúin að utan en fokheld að innanverðu að öðru leyti en því að gólf er einangrað og klætt með rakavörðum spónaplötum.

Einnig eigum við **eitt hús sem er c.a. 25 m2**. Húsið skilast fullbúið að utan og innan og tilbúið til flutnings.

**Tilboð óskast í húsin**

Nánari upplýsingar veitir Jón Eiríkur. Sími: 699 4396. Póstfang: jeg@tskoli.is

Tækniskólinn skóli atvinnulífsins

zetor

www.tskoli.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.55

### Sjálfstætt fólk



Þátturinn í kvöld verður helgaður Valdísi Óskarsdóttur kvikmyndagerðarmanni. Hún hlaut á sínum tíma bresku Bafta-verðlaunin fyrir klippingar sínar en hún hefur líka nýlega lokið við fyrstu kvikmynd sína þar sem hún leikstýrir einnig og er sú mynd tilnefnd til fernra Edduverðlauna. Valdís er vel þekkt í bransanum og hefur unnið með mörgum helstu kvikmyndaskáldum heimsins, nú síðast með sjarmatröllinu Sean Connery.

### VIÐ MÆLUM MEÐ

**Dexter kl. 21.50**

**Skjáreinn**

Þriðja þáttaröðin um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgan sem drepur bara þá sem eiga það skilið. Í fyrsta þættinum eltist Dexter við morðingja sem komst upp með að myrða tvær háskólastelpur en endar í bardaga upp á líf og dauða við ókunnugan mann sem er á röngum stað á röngum tíma.



Innra eftirlitið reynir að fá Deb til að snúast gegn félaga sínum og Rita kemur Dexter í opna skjöldu með óvæntum fréttum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**07.05** Morgunandakt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Ársól
**09.03** Lárétt eða lóðrétt
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Bókaþing
**11.00** Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Engill með húfu
**14.00** Útvarpsleikhúsið Besti vinur hundsins: Endaprettur
**15.00** Hvað er að heyra?
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Úr tónlistarlífinu
**17.30** Úr gullkistunni
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.26** Seiður og hélog
**19.00** Óskastundin
**19.40** Öll þau klukknaköll
**20.30** Bláar nótur í bland
**21.10** Orð skulu standa
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Til allra átta
**23.00** Andrarímur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**15.30 Hollyoaks** (56:260)
**15.55 Hollyoaks** (57:260)
**16.20 Hollyoaks** (58:260)
**16.45 Hollyoaks** (59:260)
**17.10 Hollyoaks** (60:260)
**18.00 Seinfeld** (21:22)
**18.30 Seinfeld** (22:22)
**19.00 Seinfeld** (9:24)
**19.30 Seinfeld** (10:24)
**20.00 My Bare Lady** (2:4) Fjórar klámmyndaleikstjörnur frá Bandaríkjunum fá tækifæri á að spreyta sig í virtum leiklistarskóla í Bretlandi og fá hlutverk í alvöru leikhúsi.
**20.45 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**21.30 My Boys** (9:22) Frábær gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.
▶ **22.00 Kenny vs. Spenny** (10:13) Kenny og Spenny eru æskufélagar sem hafa gaman að því að keppa hvor við annan. Í þessum þáttum etja þeir kappi í hinum ýmsu atburðum.
**22.25 Seinfeld** (21:22)
**22.50 Seinfeld** (22:22)
**23.15 Seinfeld** (9:24)
**23.40 Seinfeld** (10:24)
**00.05 Sjáðu**
**00.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**19.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir
**19.30 Íslands safarí** Akeem Richard Oppon
**20.00 Mér finnst** Ásdís Olsen
**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm
**22.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**23.00 Í nærveru sálar** Kolbrún Baldursdóttir.
**23.30 Kristinn H.** Kristinn H. Gunnarsson.

## DR 1

**10.00** Gambler **10.30** Plan dk **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** OBS **11.30** SPAM **11.55** Skum TV **12.10** Angora by Night Musik Special **12.35** Family Guy **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Sommer **14.45** HåndboldSøndag **16.30** Sigurds Bjørnetime **17.00** Max **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Venstres landsmøde **18.30** TV for folket - hundrede år med Nordisk Film **19.00** Sommer **20.00** 21 Søndag **20.40** SportNyt med SAS liga **20.55** Columbo **22.30** Ranger Denmark

## NRK 1

**10.50** Sesongåpning Beitostølen **11.55** V-cup alpint **12.45** Sesongåpning Beitostølen **13.30** Sesongåpning Beitostølen **14.30** Beito i dag **14.45** V-cup skøyter **16.10** Sport i dag **16.30** Åpen himmel **17.00** Hvor er Alf! **17.15** Gubben og Katten **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Den syngende bydelen **19.45** En livskraftig planet **20.35** Og så kom Polly **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kampen om Barents **23.00** Berserk gjennom Nordvestpassasjen **23.30** Uka med Jon Stewart **23.55** Det glade vanvidd

## SVT 1

**10.05** Packat & klart **10.35** Mitt i naturen **11.05** Debatt **11.50** Alpint. Världscupen Levi **13.00** Svensson, Svensson **13.30** Verklighetens Six feet under **14.25** Toppform **14.55** Dom kallar oss artister **15.25** Dansbandskampen **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Leende guldbruna ögon **18.15** Hemliga svenska rum **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Andra Avenyn **19.30** Sportspegeln **20.15** Jekyll **21.10** VeteranTV **21.40** Lev ännu längre **22.10** Byss **22.25** Brottskod. Försvunnen **23.10** Carin 21:30





Fastir fundir Samfylkingarinnar um land allt

Garðabær
Garðabergi, Garðatorgi
Fyrsta miðvikudag í mánuði kl. 20.00

Grindavík
Víkurbraut 46
Fyrsta og þriðja mánudag í mánuði kl. 20.00

Hafnarfjörður
Strandgötu 43
Annan hvern mánudag næst 24. nóv kl. 20.00

60+ þriðjudögum og föstudögum kl. 10.00

Húsavík
Héðinsbraut 6
Alla laugardaga kl. 11.00

Hveragerði
Reykjamörk 1
Súpufundur síðasta laugardag í mánuði kl. 12.00

Höfn
Víkurbraut 4
Fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 20.00

Kópavogur
Hamraborg 11
Alla mánudaga kl. 20.30

Mosfellsbær
Þverholti 3, jarðhæð
Annan hvern mánudag næst 17. nóv kl. 20.00

Reykjanesbær
Kaffitár Stapabraut
Alla laugardaga kl.11.00

Reykjavík
Hallveigarstíg 1
Alla miðvikudaga kl. 20.30

Sauðárkrókur
Ólafshúsi
Alla mánudaga kl. 15.00

Vestmannaeyjar
Hilmisgata 13
Fyrsta laugardag í mánuði kl. 12.00

Vogar
Stóru-Vogaskóli, litli salur
Fyrsta laugardag í mánuði kl. 10:00

Allir velkomnir!

Félagsmenn skráið ykkur á póstlista Samfylkingarinnar
Nánari upplýsingar á www.samfylking.is

Skilaboð frá Ungum jafnaðarmönnum

Ungir jafnaðarmenn skora á ungt fólk að taka þátt í öflugu pólitísku starfi og skrá sig í UJ. Einnig má skrá sig á póstlista með því að senda póst á uj@samfylking.is og fá þannig upplýsingar um pólitíkina okkar, fjölbreytta viðburði og tækifæri til að taka þátt.

Samfylkingin

## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Ætli hann hafi ekki lært þessa rómantík af pabba sínum, þetta er eitthvað í uppeldinu frá honum. Annars var Stefán ákaflega uppátækjasamur og sniðugur krakki. Hins vegar lá það ekkert fyrir að hann væri svona rómantískur. Fara strákar annars ekki frekar dult með þetta þar til ástin springur út?“*

Sigurbjörg Kristjánsdóttir, mamma Stefáns Mána, sem birti ástarjátningu til unnustu sinnar í smáauglýsingadálki Fréttablaðsins.

## HIN HLIÐIN BRAGI VALDIMAR SKÚLASON TÓNLISTARMAÐUR MEÐ MEIRU

# *Nefið á Barböru Streisand er fallegur staður*

**Hvað er að frétta?** Nánast allt held ég. Baggalútsplata komin í hús og barnaplatan Gilligill sömuleiðis. Gilligilltónleikar í Salnum í dag. Flennisamstöðutónleikar í höllinni. Baggalútsspilerí og almennt plöggfyllerí. Svo er ég líka að kvefast.
**Augnlitur:** Hvernig í ósköpunum á ég að vita það?
**Starf:** Hugmynda- og textasmiður á auglýsingastofunni Fíton, internettrúður, sálmaskáld og hljómsveitartöffari.
**Fjölskylduhagir:** Kona og barn. Eitt af hvoru.
**Hvaðan ertu?** Ég var ræktaður að mestu í Hnífsdalnum, fegursta dal veraldar.
**Ertu hjátrúarfullur?** Nei. Hjátrú boðar ógæfu.
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Ég er ákaflega veikur fyrir talsettum hreinsiefnaauglýsingum, missi helst ekki af þeim.
**Uppáhaldsmaturinn:** Ég er að vona að það sé heilsteiktur flóðhestur. En ég ætla að spara mér að smakka hann þangað til ég verð fimmtugur.
**Fallegasti staðurinn:** Það hlýtur að vera nefið á Barböru Streisand.
**iPod eða geislaspilari:** Nei, takk. Grammófón eða vaxhólka.
**Hvað er skemmtilegast?** Apar.
**Hvað er leiðinlegast?** Apar sem komast í áhrifastöður, íslenskar.
**Helsti veikleiki:** Örvhendan.
**Helsti kostur:** Eins og góður maður orðaði það; ég get verið mjög skemmtilegur – á prenti.
**Helsta afrek:** Að læra á þvottavélina, eða svona næstum því.
**Mestu vonbrigðin?** Að hafa ekki keypt mér flatskjá í góðærinu.
**Hver er draumurinn?** Smekkleg stytta af mér í Hljómskálagarðinum, helst á hestbaki.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Tollstjórinn í Reykjavík.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Bruddir ísmolar.






**STEED LORD Í MOSKVU** Systkinin Krummi og Svala Björgvins skemmtu rússneskum ólígörkum á skemmtistaðnum Gradus í Moskvu í gærkvöldi.

# Steed Lord í kvikmyndahúsi Stalíns

Hljómsveit Svölu Björgvins og Einars Egilssonar, Steed Lord, kom fram á skemmtistaðnum Gradus í Moskvu í gærkvöldi. Staðurinn var áður einkakvikmyndahús Jósefs Stalín, einræðisherra Sovétríkjanna, en er nú einn vinsælasti skemmtistaður höfuðborgarinnar meðal hinna nýríku ólígarka. Ásamt Steed Lord steig Hrafn Björgvinsson, betur þekktur sem Krummi í Mínus, á stokk með sveitinni og tók með henni tvö eða þrjú lög.

Hljómsveitin var á ferðalagi þegar Fréttablaðið reyndi að ná sambandi við meðlimi hennar. En blaðið náði tali af Björgvini Halldórssyni, föður þeirra Svölu og Krumma, sem segir að það sé svolítið skondið að börnin hans skuli vera á þessum slóðum, aldarfjórðungi eftir að hann fór í fimm vikna tónleikaferðalag um allt Rússland. „Og þá var Brésnjev aðalritari kommúnistaflokksins og Sovétríkin voru alvöru,“ segir Björgvin. Hann viðurkennir að vissulega hafi hann velt því fyrir sér að skella sér með til Moskvu og búa til hálfgerða fjölskylduferð. Hann sé hins vegar á fullu við að undirbúa jólatónleikana sína sem verði haldnir í Laugardalshöll 6. desember.

Björgvin tekur jafnframt fram að plata Steed Lord, Truth Serum eða Sannleikslyfið, muni koma út seinna í þessum mánuði og segir það ekki rétt að útgáfufyrirtækið Sena hafi bakkað út úr framleiðslu hennar því það sé fyrirtækið hans sem gefi plötuna út. Sena komi hins vegar að dreifingunni eins og hjá svo mörgum öðrum listamönnum. „Ég er svo líka að gefa út Esju,“ bætir Björgvin við en hana skipa einmitt Krummi og Daníel Ágúst.

- fgg

## SIGURÐUR BJÖRN BLÖNDAL: Í AÐALHLUTVERKI Í ATHYGLISVERÐRI BÓK

# Góður forstjóri á vel við

„Hugmyndin kviknaði á Gljúfrasteini og vatt upp á sig. Þar var verið að borða taílenskan mat – „take away“. Rithöfundur, myndlistarmaður og gamall poppari. Við töluðum við þá Forlagsfeðga sem kveiktu á þessu. Og svo var þetta unnið mjög hratt,“ segir Sigurður Björn Blöndal sérfræðingur.

Um þessar mundir streymir úr prentsmiðjunni afar athyglisverð bók eftir Björn, Auði Jónsdóttur, Spessa og Þórarinn Leifsson. Bókin heitir Forstjóri dagsins og inniheldur 12 póstkort sem menn geta rifið úr bókinni og sent vinum og vandamönnum í útlöndum eða átt í bókarformi – eftir atvikum. Björn er í hlutverki forstjórans, sem lendir í ýmsum aðstæðum og ávallt sem sigurvegari en Spessi tekur myndirnar. Textinn er aðallega í höndum Auðar en Þórarinn sér um umbrot. Þá er textinn þýddur á ensku af Jóni Proppé. Kortin mega heita frumleg og smellpassa inn í stemninguna núna… Kortin eru sannast sagna alveg rífandi fyndin.

„Já, það vantar ekki að það er stemning í þessu. Hugmyndin kom upp helgina fyrir Glitnishrunið. En það er engin uppgjöf í þessum mönnum. Þessari týpu mannlífsflórunnar þótt harðni á dalnum. Hún aðlagar sig. Hún mun lifa af. Trappar sig kannski aðeins niður en samt er alltaf ákveðinn standard. Þessi týpa á til dæmis alveg sinn Range Rover enn þá. Það er nú málið,“ segir Björn sem sýnir á sér áður óþekkta hlið sem frábær fyrirsæta í hlutverki forstjórans. Og þó: Margir muna eftir Smekkleysu-kortum, sem voru gerð fyrir um tíu árum, þar sem Óttar Proppé, Björn og fleiri voru í aðalhlutverkum. Og í framhaldi voru gerð eftirminnileg jólakort. Forstjórakortin virðast við fyrstu sýn sverja sig í þá ætt. Björn segir enga tengingu nema þá að hann sé með. „Já, það tók sig upp gömul fyrirsæta. En þetta er í grunninn allt annað konsept. Miklu afmarkaðra viðfangsefni.“

jakob@frettabladid.is



**„UMHVERFISMÁL ERU VISSULEGA TIL TRAFALA Í SAMKVÆMUM“** Þarna er forstjórinn hrókur alls fagnaðar í veislu sem fáir myndu slá hendi á móti að vera í.

FRÉTTABLAÐIÐ/SPESSI



**„KVÖRTUNARGIRNI NÁUNGANS ER RÓT STÖÐNUNAR“** Þarna er vakin athygli á því að samfélagsleg ábyrgð er forstjóranum ekki óþekkt hugtak.



**„LÁGKÚRA ER ÓNÝTT AUÐLIND“** Forstjórinn kann að njóta lífsins og aka seglum eftir vindi. Björn Blöndal fer á kostum í hlutverki forstjórans.

VELJUM LÍFIÐ



Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is

# Í tásluknúsi með Georgi

Málin eru farin að flækjast í Dagvaktinni. Georg Bjarnfreðarson hefur eignast ungan „vin“ sem færir sig meira upp á skaftið í hverjum þætti. Vinurinn heitir Óðinn og er tvítugur sveitapiltur af næsta bæ. Óðinn er leikinn af Ævari Þór Benediktssyni.

„Ég er frá sveitabæ í Borgarfirði og er 23 ára leiklistarnemi í LHÍ á þriðja ári,“ segir Ævar Þór. Hann segist ekki vera svo ólíkur Óðni – „Hann er einlægur og góður strákur, sem ég vil meina að ég sé líka. Hann er reyndar ástfanginn af Georgi Bjarnfreðarsyni sem ég er ekki! Ég er í giftusamlegu sambandi við kærustuna mína.“

Karakterinn sem Ævar leikur hefur verið að læðast inn í þættina smátt og smátt – „Óðinn kom fyrst til dyra í stuttu atriði en sást svo í miðasölunni á ballinu. Hann kannaðist ekkert við að Ólafur Ragnar ætti eilífðarmiða á Sólar-böll og þar hófst gremja Ólafs Ragnars í hans garð. Óðinn veit ekkert af þessari gremju enda upptekinn af sambandinu við Georg. Þeir voru komnir í tásluknús í síðasta þætti, en ég segi ekkert um það hvernig sambandið þróast. Það eru enn þrír þættir eftir.“



**ÉG ER EKKI ÁSTFANGINN AF GEORGI BJARNFREÐARSYNI!** Ævar Þór Benediktsson segist þó líkjast Óðni að mörgu öðru leyti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ævar er einlægur aðdándi Næturvaktarinnar og fannst því eðlilega spennandi að taka þátt í Dagvaktinni. „Ragnar leikstjóri hefur verið duglegur að kíkja á verkefni í skólanum og hafði samband við mig í kjölfarið á einu slíku,“ segir hann. „Það tók tíu daga að taka upp atriðin með mér, tökur voru vel undirbúnar og skipulagðar. Það voru oft teknar senur í 2-3 þætti sama daginn og ekkert í réttri tímaröð.“

Og spangirnar eru ekta. „Þegar ég byrjaði í leiklistarskólanum var framkomubann og ég hugsaði sem svo að nú væri rétti tíminn til að drífa þetta spangar-mál af. Framkomubanninu var svo aflétt í fyrra, en sem betur fer smellpössuðu spangirnar við hlutverk Óðins.“

- drg


Við ætlum að koma til móts við okkar viðskiptavini
og veita 25% afslátt af öllum vörum til jóla
Verið velkomin
Öndvegi
heima
mood
BÚUM BETUR
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN
Opið í dag, sunnudag kl. 13 -16
sófar
sófaborð
borðstofuborð
skápar
skenkar
stólar
bókahillur
25%
hillur
skrifborðsstólar
skrifborð
rúm
kommóður
fatastandar
rúmfatnaður
teppi
glös
diskar
hnífapör
karöflur
bollar
könnur
servéttur
25%
mottur
silkiblóm
speglar
ljós
klukkur
gjafavara
jólavara
HEIMA
HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi
BÚUM BETUR
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









## BAKÞANKAR


Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur


# Litlir sigrar

Sú ákvörðun að segja Bretum að við kærum okkur ekki um þeirra nærveru hér á landi með svokölluðu loftrýmiseftirliti var góð og reyndar nauðsynleg. Þó að þessi yfirlýsing sé kannski í sjálfu sér ekki stóra málið í okkar miklu og þungu vandamálum er þetta engu að síður atriði fyrir sálartetrið.

**DAGLEGA** berast okkur fréttir af því að lítið sé gert úr Íslendingum. Stolt okkar er sært. Það er óþægilegt að vita til þess að einhverjir brosi yfir ástandinu og jafnvel að eiginleikum okkar sem þjóðar. Af hverju segjum við fréttir af því að evrópsk ráðstefna geðhjúkrunarfræðinga hafi byrjað á brandara um óhamingju þjóðarinnar? Vegna þess að fréttin segir okkur það sem við höfum á tilfinningunni, að þórðargleði ríki hjá mörgum vegna stöðunnar hér á landi. Við erum sögð hafa flogið of nálægt sólinni.

**ÞAÐ** er stuðandi að framkvæmdastjóri geðheilbrigðissviðs WHO í Evrópu hafi notað ástandið hér til að brjóta ísinn fyrir erindi á ráðstefnu. Það er pirrandi að menn hafi gengið með söfnunarbauk um Strikið í Kaupmannahöfn og safnað fyrir Íslendinga. Það fer illa með sært stoltið að heyra af því að í Kasakstan hafni menn alfarið öllum samanburði við Ísland um efnahag.

**TIL** þess að geta staðið keik í þeim erfiðleikum sem framundan eru þarf fólk að fá á tilfinninguna að við getum enn svarað fyrir okkur. Þetta sýna 80.000 undirskriftir Íslendinga hjá Indefence-hópnum, þar sem skilaboðin eru einföld en sterk. Við erum ekki hryðjuverkamenn. Og við mótmælum því að komið sé fram við okkur eins og hryðjuverkamenn.

**STAÐREYNDIN** er sú að við upplifum öll sært stolt. Það á að tala sterkt og ákveðið til manna eins og Gordons Brown. Við viljum ekki standa sneypt gagnvart svoleiðis mönnum. Við viljum að svarað sé fyrir okkur. Og að þeim skilaboðum sé komið til Bretanna að þeir geti bara stundað sínar loftrýmisæfingar annars staðar. Þeir séu ekki velkomnir hingað núna, því þeir hafa sannarlega ekki sýnt okkur að framkomu bandamanns.

**VIÐ** vitum að öll verðum við að axla þungar byrðar. Til þess að geta það verðum við að geta staðið bein í baki sem þjóð. Og þá skipta litlu sigrarnir máli.



## GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn 16. nóvember, 321. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.01 | 13.12 | 16.32 |
| Akureyri | 10.01 | 12.57 | 15.52 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


